

# ÁRSSKÝRSLA 2014



**SJÓVÁ**



# EFNISYFIRLIT

Um Sjóvá . . . . .	6
Frá stjórnarformanni . . . . .	10
Frá forstjóra . . . . .	12
Helstu viðburðir ársins . . . . .	16
Af rekstri ársins . . . . .	22
Tjón og tjónþjónusta . . . . .	26
Skipulag og rekstur . . . . .	30
Samfélag um tryggingar . . . . .	32
Stjórnarháttayfirlýsing . . . . .	36
Lykiltölur úr rekstri . . . . .	48
Ársreikningur samstæðunnar . . . . .	49



# AÐALSTYRK TARADILI SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

Sjóvá hefur verið bakhjarl Slysavarnafélagsins Landsbjargar frá stofnun samtakanna árið 1999 og unnið náið með þeim að forvarnarverkefnum og öryggismálum. Sjóvá tryggir eignir og búnað björgunarsveita um allt land og sér til þess að sjálfboda-liðar samtakanna séu eins vel tryggðir og kostur er. Sjóvá gefur öllum, sem kaupa flugelda af Landsbjörgu, öryggisglæraugu fyrir áramót, sem er liður í því að auka vitund almennings um þá hættu sem skapast getur. Sjóvá og Landsbjörg hafa síðastliðin tvö ár sameinast um forvarnarverkefnið Öryggisakademiuna, en hún kemur öryggis- og forvarnarmálum vegna flugelda á framfæri við alla aldurshópa.

Önnur samstarfsverkefni við Landsbjörgu eru t.d. Slysavarnaskóli sjómanna og endurhönnun og sala á Björgvinsbeltinu um allt land. Einnig má nefna fræðsluvefinn SafeTravel.is, sem miðaður er við þarfir erlendra ferðamanna, og Hálandisvaktina sem hugar að öryggi innlendra og erlendra ferðamanna á ferðum um óbyggðir yfir sumartímenn.

Rysjótt tíðarfar í vetur hefur enn og aftur sannað hið mikilvæga hlutverk sem björgunarsveitir Landsbjargar hafa í samfélaginu. Sjálfboda-liðar sveitanna um allt land hafa sinnt tíðum útköllum vegna ófærðar og foks af kostgæfni og fórnfýsi. Við erum stolt af að geta stutt við bakið á þessari göfugu starfsemi.







## UM SJÓVÁ


Sjóvá-Almennar tryggingar hf. urðu til árið 1989 við samruna tveggja váttryggingafélaga, Sjóváttryggingafélags Íslands hf., stofnað 1918, og Almennra trygginga hf., stofnað 1943. Þann 20. júní 2009 var nýtt félag stofnað um váttryggingareksturinn, Sjóvá. Viðskipti hófust með bréf félagsins á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 11. apríl 2014.

Sjóvá er alhliða váttryggingafélag með um 28% markaðshlutdeild í skaðatryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá Líf), dótturfélag Sjóvár, er stærst íslenskra félaga á líf- og heilsutryggingamarkaðnum með um 33% markaðshlutdeild.

Hjá Sjóvá eru um 65 þúsund einstaklingar í viðskiptum og meira en 7.000 lögaðilar. Í vildarþjónustu Sjóvár, Stofni, eru tæplega 30 þúsund fjölskyldur. Í árslok 2014 starfaði 181 starfsmaður hjá Sjóvá í 173 stöðugildum og er fyrirtækið með starfsemi á 33 stöðum um allt land.

## HAGNAÐUR ÁRSINS EFTIR SKATTA

Hagnaður ársins nam 1.029 m.kr. eftir skatta, en góður hagnaður var af váttryggingarekstri Sjóvár og aukning frá fyrra ári. Hagnaður fyrir skatta og afskriftir óefnislegra eigna nam 1.698 m.kr.



## IÐGJÖLD ÁRSINS

Iðgjöld ársins námu 13.605 m.kr. samanborið við 13.017 m.kr. árið 2013, sem er 4,5% hækkun frá fyrra ári.

Eigin iðgjöld ársins hækkuðu um 6,3% og voru 12.826 m.kr. en árið 2013 voru þau 12.069 m.kr.


**Iðgjöld ársins** er heildarfjárhæð þeirra iðgjalda sem talin eru til tekna á árinu. Iðgjöld ársins eru mynduð af bókfærðum iðgjöldum að frádregnum vildarafslætti og viðbætti breytingu á iðgjaldaskuld.

**Eigin iðgjöld** eru iðgjöld ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda.

## TJÓN ÁRSINS

Tjón ársins námu 9.384 m.kr. samanborið við 8.471 m.kr. árið 2013, sem er 10,8% hækkun. Tjónatíðnin hefur aukist nokkuð en hún var innan þeirrar edlilegu sveiflu sem ávallt má vænta í tryggingum. Tjónahlutfall ársins 2014 var 69,0% samanborið við 65,1% árið áður.

Eigin tjón ársins hækkuðu um 8,9% og voru 8.965 m.kr. samanborið við 8.228 m.kr. árið 2013.



**Tjón ársins** er heildarfjárhæð þeirra tjóna sem talin eru til gjalda. Tjón ársins eru mynduð af bókfærðum tjónum að viðbætti breytingu á tjónaskuld.

**Eigin tjón** eru tjón ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda.

## ENDURTRYGGINGAR

Nettó endurtryggingar, þ.e. keyptar endurtryggingar að frádregnum hluta endurtryggjenda í tjónum og þóknun til félagsins, námu 334 m.kr. samanborið við 598 m.kr. árið 2013. Lækkunin skýrist að mestu vegna endurgreiðslu endurtryggjenda vegna stórs brunatjóns, Skeifubrunans, á árinu.


## REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaður ársins var 3.485 m.kr. samanborið við 3.534 m.kr. árið 2013 sem er 1,4% lækkun milli ára. Stærsti einstaki liðurinn er laun og launatengd gjöld sem eru um 57% af öllum rekstrarkostnaði. Markmið um lækkun kostnaðar gengu eftir á árinu þrátt fyrir kostnað af skráningu í kauphöll og kjarasamningsbundnar hækkanir.

## SAMSETT HLUTFALL

Samsett hlutfall samstæðunnar var 95,1% samanborið við 94,7% árið 2013.


**Samsett hlutfall** er algengur mælikvarði á rekstur váttryggingafélaga. Hlutfall undir 100% gefur til kynna að iðgjöld nægi fyrir kostnaði vegna tjóna, reksturs og endurtrygginga.



## FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingum er settur rammi í fjárfestingarstefnu félagsins og þar er ákvörðunarferli fjárfestinga formfest. Fjárfestingarheimildum er skipt eftir fjárhæðarmörkum í þrjú lög: stjórn, fjárfestingaráð sem í sitja þrír stjórnarmenn og fjárfestinga-nefnd sem í sitja forstjóri, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og forstöðumaður fjárfestinga.

Fjárfestingarstefna félagsins er tvískipt. Annars vegar eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar og hins vegar aðrar fjárfestingar. Eignasamsetning félagsins er mjög traust.



## EIGIÐ FÉ

Eigið fé félagsins nam 17.810 m.kr. í lok árs 2014 samanborið við 16.781 m.kr. árið áður.

Eiginfjárlutfall Sjóvár í lok árs 2014 var 40,2% og arðsemi eigin fjár 5,9%. Að teknu tilliti til áhrifa óefnislegra eigna í reikningi félagsins er þannig leiðrétt arðsemi eigin fjár 6,9%.






## GJALDPÓL

Gjaldpólshlutfall móðurfélagsins var 4,27 í árslok að teknu tilliti til arðgreiðslu, samanborið við 5,53 árið 2013. Aðlagð gjaldpólshlutfall samstæðunnar var 3,01 að teknu tilliti til arðgreiðslu á móti 3,96 árið 2013. Gjaldpólið hefur styrkst jafnt og þétt undanfarin ár.


Árleg afskrift ófnislegra eigna nam 471 m.kr. Ófnislegar eignir dragast frá eigin fé við útreikning á gjaldpóli og afskriftir þeirra hafa ekki áhrif á sjóðstreymi.

**Gjaldpól váttryggingafélags** eru heildareignir þess að frádregnum nauðsynlegum afskriftum og niðurfærslum, ófnislegum eignum, svo og hvers konar fyrirsjáanlegum skuldum og skuldbindingum, þ.m.t. váttryggingaskuld.



## AFKOMA VÁTTRYGGINGAGREINA


Skaða- og líftryggingar félagsins flokkast í sjö greinar. Afkoma greinanna er misjöfn líkt og undanfarin ár. Markvisst er unnið að því að endurmeta verðlagningu á áhættu einstakra váttryggingategunda til að ná viðunandi afkomu í öllum greinum.





## FRÁ STJÓRNARFORMANNI

Árið 2014 var viðburðaríkt og einkenndist upphaf þess af undirbúningi skráningar félagsins á markað sem gekk afar vel. Stjórnin batt vonir við að fjölbreyttur hópur fjárfesta hefði áhuga á að eignast hlut í félaginu og stóðust þær væntingar fyllilega. Eignarhald Sjóvár er nú dreifðara og í hluthafahópnum eru bæði einstaklingar og fagfjárfestar. Hluthafar voru 3.011 talsins um áramót og stendur Sjóvár vel undir nafni sem almenningshlutafélag með annan fjölmennasta hluthafahóp skráðra íslenskra félaga.

 Eignarhald Sjóvár er nú dreifðara og í hluthafahópnum eru bæði einstaklingar og fagfjárfestar

Uppgjör ársins 2014 sýnir góðan árangur í rekstrinum. Áætlanir um aukningu iðgjalda og tjónaþróun hafa staðist, en afkoma af fjárfestingarstarfsemi var undir væntingum. Afkoma fjárfestinga batnaði þó nokkuð á síðasta ársfjórðungi og er ásættanleg sé litið til fjárfestingarstefnu og þeirra markmiða sem stjórnin setti fram um skiptingu milli eignaflokka. Sem fyrr eru fjárfestingareignir félagsins traustar sé litið til langtímaávöxtunar og áhættudreifingar í eignasafninu, auk þess sem safnið endurspeglar lengd váttryggingaskuldar.

Enn hafa engin áform verið kynnt um afnám fjármagnshafða þrátt fyrir augljóst mikilvægi þess að hefja þá vegferð. Mikilvægt fyrsta skref er að uppgjör föllnu bankanna verði klárað. Fyrir Íslendinga er mikilvægt að geta dreift áhættu í sparnaði sínum með fjárfestingu erlendis. Nýlegar undanþágur Seðlabanka Íslands til handa erlendum samkeppnisaðilum á íslenskum tryggingamarkaði vekja spurningar um aðstæður og þann ramma sem innlendum félögum er settur. Gæta verður jafnræðis svo félög sem selja sömu þjónustu á sama markaði sitji við sama borð.

Innleiðing Solvency II tilskipunarinnar er í fullum gangi og gert er ráð fyrir að hún taki gildi 1. janúar nk. Sérfræðingar Sjóvár hafa, með fulltingi erlendra ráðgjafa, framkvæmt útreikninga gjaldþols og váttryggingaskuldar samkvæmt nýjum viðmiðum. Með gildistöku tilskipunarinnar, sem þó hefur enn ekki verið lögfest, eru gerðar auknar kröfur um gjaldþol og eignastýringu váttryggingafélaga en markmið tilskipunarinnar er að auka vernd váttryggingataka og treysta betur áhættustýringu og rekstur félaganna. Stjórnin hefur fylgst náið með þróun tilskipunarinnar og vörðum í innleiðingu hennar og einnig tekið fullan þátt í framkvæmd eigináhættu- og gjaldþolsmats félagsins.

Áhættustefna félagsins var endurnýjuð í janúar sl. og jafnframt voru nýjar reglur um fjárfestingarstarfsemi og fjárfestingarstefna samþykktar. Á vordögum hlaut Sjóvá vottun á upplýsingaöryggi og einnig hlaut félagið jafnlaunavottun VR. Starfsánægja vex enn hjá Sjóvá og þjónustumælingar sýna jákvæðar niðurstöður.

## » Starfsánægja vex enn hjá Sjóvá og þjónustumælingar sýna jákvæðar niðurstöður

Markmið stjórnar um vöxt félagsins gengu eftir á árinu og viðskiptavinum fjölgaði, jafnt á fyrirtækjamarkaði sem einstaklingsmarkaði. Viðskipti á fyrirtækjamarkaði dreifast á fjölbreyttar starfsgreinar og allar stærðir, frá einyrkjum til stórfyrirtækja. Sjóvá býður víðtækar tryggingar á einstaklingsmarkaði og persónuþryggingar ásamt líftryggingafélagi samstæðunnar, Sjóvá-Almennum líftryggingum. Þessi breidd í viðskiptavinahópi og úrvali trygginga bætir áhættudreifingu tryggingastofnsins. Sem fyrr dreifast iðgjöld vel meðal viðskiptavina og enginn einn viðskiptavinur stendur að baki meira en 2% af heildariðgjöldum félagsins.

Sjóvá gegnir mikilvægu hlutverki fyrir tugi þúsunda heimila og fyrirtækja. Það er bæði eigendum og viðskiptavinum til hagsbóta þegar félagið skilar traustri afkomu af váttryggingarekstri líkt og raunin varð á árinu.

Váttryggingarekstur er um margt ólíkur öðrum viðskiptum. Viðskiptavinir eru í raun að kaupa sér aðild að eins konar samtryggingarkerfi þar sem þeir spara í sameiningu til að geta mætt áföllum. Til að ná velgengni í váttryggingarekstri þarf að hafa nægilega stóran og fjölbreyttan viðskiptamannagrunn sem skilar sér í ásættanlegri heildaráhættu. Til að tryggingatakar upplifi ánægju og sátt þarf að ríkja traust milli aðila og trú á að tryggingafélagið standi með þeim þegar á reynir. Verðlagning og tryggingaskilmálar eru í sífelldri endurskoðun enda þurfa þeir að endurspeglarunverulega áhættu og taka til þeirra fjölbreyttu tjóna sem viðskiptavinir geta orðið fyrir. Samfélagsbreytingar, tíðarfarar, tækninýjungar og jafnvel tískustraumar og tíðarandi hafa áhrif í tryggingum því þær snerta svo fjölbreytta þætti í daglegu lífi og störfum. Það er því mikilvægt fyrir félag eins og Sjóvá að vera vakandi fyrir því sem um er að vera í samfélaginu og bregðast hratt og örugglega við þróun þess. Þar skipta höfuðmáli opin og hreinskilin

tjáskipti milli starfsfólks og viðskiptavina um allt sem betur má gera. Við í stjórninni finnum fyrir miklum eldmóði meðal starfsfólks og stjórnenda til að gera enn betur, sem við teljum víst að muni skila betri þjónustu og rekstri félagsins.

## » Fyrir félag eins og Sjóvá er mikilvægt að vera vakandi fyrir því sem um er að vera í samfélaginu og bregðast hratt og örugglega við þróun þess

Í tryggingum endurspeglast straumar og stefnur í samfélaginu. Tilkynningar um tjón segja sína sögu um stöðu ýmissa þátta. Viðhald á vegum, bæði innan þéttbýlis og utan, hefur setið á hakanum undanfarnar ár. Svokölluð holutjón hafa verið í háumæli, enda hefur ástand vega versnað mjög hratt undanfarna mánuði. Fátítt er að greiddar séu út bætur vegna þessara tjóna því tryggingar veghaldara ná einungis til gáleysis þeirra, með þeim hætti að ekki hafi verið gripið til viðunandi ráðstafana gagnvart holum eða skemmdum á vegum sem veghaldarar hafa fengið tilkynningar um. Tryggingum er ekki ætlað að koma í stað eðlilegs viðhalds. Erfitt hefur reynst að halda utan um þetta, sérstaklega þegar ástand vega virðist vera komið í það horf sem það nú er. Tryggingar eru í eðli sínu til að bæta það sem gerist skyndilega og er ófyrirséð, en þegar viðhaldi er ekki sinnt er fyrirséð að illa getur farið. Raddir þeirra sem vöruðu við því að þetta ástand gæti skapast voru því miður virtar að vettugi. Það er afar brýnt að stjórnvöld og veghaldarar grípi til róttækra aðgerða til að koma í veg fyrir tjón og slys sem orðið geta og ég skora á þá sem á halda að bregðast hratt við. Það er ábyrgðarhluti að láta innviði samfélagsins fara í þetta horf.

Ég vil fyrir hönd stjórnarinnar þakka stjórnendum og starfsfólki fyrir gott starf á árinu 2014. Við hlökkum til áframhaldandi ánægjulegs samstarfs með starfsfólki og viðskiptavinum Sjóvá.




## FRÁ FORSTJÓRA

Afkoma af váttryggingarekstri Sjóvá var góð á árinu. Sjóvá er enn að vaxa og styrkjast bæði í eignum og iðgjöldum, sem jukust um 4,5%. Hagnaður ársins nam 1.029 m.kr. samanborið við 1.790 m.kr. árið áður.

Tjónaþróun var hagfelld fyrri hluta ársins en tjónahlutfallið versnaði talsvert seinni hluta árs bæði vegna nokkurra stærri tjóna auk þess sem tíðarfar síðustu vikur ársins leiddi til fleiri tjóna. Samsett hlutfall samstæðunnar var 95,1% og hækkar lítillega frá fyrra ári. Hagnaður af váttryggingarekstri nam 1.472 m.kr. fyrir skatta en ávöxtun fjárfestinga hefur verið undir væntingum. Samsett hlutfall skaðatryggingarekstrar var 98,4% fyrir árið 2014 og líftryggingarekstrar 65,9%.

Eigið fé samstæðunnar í árslok nam 17.810 m. kr. og hefur það aukist jafnt og þétt en enginn arður hefur verið greiddur út til hluthafa undanfarin 5 ár. Eigið fé í upphafi árs var 16.781 m.kr. Eiginfjárlutfall í lok árs er sterkt eða 40,2%. Gjaldþolshlutfall samstæðunnar var 1,88 samkvæmt útreiknaðri gjaldþolskröfu SCR, reglum Solvency II og mati félagsins en að teknu tilliti til tillögu um fjögurra milljarða arðgreiðslu er hlutfallið 1,48. Í lok ársins námu heildareignir samstæðunnar 44.251 m.kr. samanborið við 42.705 m.kr. árið áður.

Fjárfestingatekjur voru 1.297 m.kr. á árinu samanborið við 2.191 m.kr. árið 2013 og drógust því saman um 900 m.kr. á milli ára. Skýrist sá munur af hækkun ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa og lágri verðbólgu.

 Sjóvá er enn að vaxa og styrkjast bæði í eignum og iðgjöldum

Tjónatíðnin hefur aukist nokkuð en hún var innan þeirra eðlilegu sveifla sem ávallt má vænta í tryggingum. Þrátt fyrir þessa aukningu er tjónahlutfallið með því lægra sem þekkist eða 69% en var 65,1% á árinu 2013. Við leggjum áherslu á sjálfstæða afkomu hvernar tryggingagreinar og að verðlagning endurspegli sem best áhættuna. Tryggingagreinar eru misstórar, en engu að síður er dreifing iðgjalda á milli þeirra góð. Sjóvá hefur tekist að halda samsettu hlutfalli í skaðatryggingarekstrinum undir 100% undanfarin ár en við teljum mikilvægt að grunnrekstur félagsins skili jákvæðri afkomu. Tjónatíðni fylgir gjarnan hagsveiflum, þegar illa árar í samfélaginu verður tjónatíðnin lægri. Skýringa má m.a. leita í því að fólk fer almennt varlegar og ekur t.d. minna til að spara útgjöld. Nú þegar tekið hefur að rofa til í efnahagslífinu

þarf að fylgjast grann með þróuninni og standa vörð um grunnrekstur félagsins.

Fyrstu mánuðina var unnið að undirbúningi skráningar félagsins á markað. Að undangengnu almennu útboði á 23% hlutfjár var félagið tekið til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland 11. apríl 2014. Hluthafar í Sjóvá voru þrír í byrjun árs en rúmlega þrjú þúsund í lok þess. Skráningarferlið gekk afar vel og áhugi almennings og fjárfesta á að kynna sér félagið og rekstur þess gladdi okkur.

Áfram hefur verið unnið að því að efla félagið og reksturinn til hagsbóta fyrir viðskiptavinum og hluthafa. Til grundvallar þeirri vinnu liggja fjárhagslegir mælikvarðar og mælingar á ánægju starfsfólks og viðskiptavina. Markmið um lækkun kostnaðar gengu eftir þrátt fyrir skráningarkostnað og kjarasamningsbundnar hækkningar á árinu.

## » Markmið um lækkun kostnaðar gengu eftir

Sjóvá hlaut í júní vottun um að upplýsingaöryggi og meðhöndlun gagna sé stýrt samkvæmt ISO 27001 staðlinum og hafa úttektir gengið afar vel. Jafnframt fékk Sjóvá Jafnlaunavottun VR sem staðfestir launajafnræði kynja í sambærilegum störfum. Jafnlaunakerfið stóðst alla skoðun og ekki þurfti að breyta launum hjá félaginu fyrir vottun. Í starfsánægjukönnunum bættum við okkur enn á árinu og í könnun VR hlaut Sjóvá hæstu einkunn í hópi fjármála-fyrirtækja. Niðurstöður Ánægjuvogarinnar í ár voru ekki í samræmi við væntingar okkar en með nánari greiningu og samstarfi við viðskiptavinum munum við bæta félagið og þjónustuna enn frekar.

Árið 2014 var ákveðið að fara af stað í ferlarýni til að bæta og efla þjónustu við skiptavinum okkar, einfalda ferla og straumlínulaga reksturinn. Allt starfsfólk er þátttakendur í því að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem við höfum sett okkur. Til stuðnings þessum markmiðum voru gerðar breytingar á skipuriti félagsins í byrjun þessa árs sem snúa fyrst og fremst að því að styrkja enn frekar stofnstýringu og vörubrúun.

Markmið um vöxt á fyrirtækjamarkaði og í persónu-tryggingum gengu eftir á árinu. Það er ánægjulegt að vöxtur

félagsins hefur sérstaklega verið í starfsgreinum sem notið hafa velgengi, þ.e. í sjávarútvegi og ferðaþjónustu. Fræðsla og forvarnarstarf með fyrirtækjum í viðskiptum hefur skilað umtalsverðum árangri undanfarin ár. Dæmi er um rútfyrirtæki þar sem akstur jókst um rúman þriðjung milli ára, en tjónakostnaður lækkaði á sama tíma um 30%. Fræðsla og forvarnir skila sér í hugarfarsbreytingu og ögun í vinnubrögðum. Mikilvægasti ávinningurinn er þó að koma í veg fyrir tjón og slys á fólki, og verður ekki metinn til fjár.

Sala líf- og sjúkdómtrygginga fór talsvert fram úr áætlunum á árinu. Nú merkjum við að viðskiptavinir eru að auka aftur við tryggingaverndina eftir að hafa dregið úr henni á óvissutímum í efnahagslífinu og er það vel.

## » Nú merkjum við að viðskiptavinir eru að auka aftur við tryggingaverndina eftir að hafa dregið úr henni á óvissutímum í efnahagslífinu

Við bættum við vöruúrvalið og nú getur fólk á aldrinum 18–35 ára keypt líf- og sjúkdómtryggingu á vef Sjóvár. Sjóvá býður jafnframt barnatryggingar sem kaupa má með einföldum hætti á netinu.

Árið 2014 var viðburðaríkt og gott og eru mér efstar í huga þakkar til starfsfólks og stjórnar fyrir árangursríkt samstarf. Viðskiptavinum þakka ég ánægjuleg viðskipti á árinu.



# LÍFSNAUÐSYNLEG VERND

Líftrygging getur aldrei bætt þann skaða sem fjölskyldan verður fyrir við fráfall ástvinnar en líftryggingarbætur draga úr fjárhagslegum áhrifum áfallsins. Bæturnar stuðla að því að þeir sem eftir standa geti skipulagt líf sitt á nýjan leik í ljósi breyttra aðstæðna. Líftrygging er mikilvæg fyrir fólk á öllum aldurskeiðum og sérstaklega mikilvæg fyrir þá sem hafa miklar fjárhagslegar skuldbindingar.

Líftryggingartaki ákveður sjálfur tryggingarfjárhæðina en æskilegt er að hún dugi að minnsta kosti til að lækka skuldastöðu. Líftryggingarbætur eru skattfrjálssar og greiddar í einu lagi til þeirra réttihafa sem hinn líftryggti hefur valið.

Sjúkdómatrygging tryggir eingreiðslu við greiningu alvarlegs sjúkdóms eða ef hinn sjúkdómatryggti þarf að gangast undir aðgerð sem fellur undir hana. Alvarlegum veikindum fylgir oft tekjumissir og bætur sjúkdómatryggingar gera fólki kleift að einbeita sér að baráttunni við alvarleg veikindi án þess að hafa áhyggjur af fjármálum.

Bætur vegna sjúkdómatryggingar eru greiddar út í einu lagi og eru skattfrjálssar. Hún nær einnig til barna, fósturbarna og stjúpbarna sem eiga lögheimili og búa á sama stað.

Sjóvá býður tvær iðgjaldaleiðir í líf- og sjúkdómatryggingum. Með aldurstengdum tryggingum er valin fjárhæð sem hækkar árlega miðað við aldur og er bundin við vísitölu neysluverðs. Með jöfnu iðgjaldi er valin fjárhæð og iðgjald helst hið sama út samnings tímann. Hægt er að blanda þessum tveimur leiðum saman.

Nú býður Sjóvá einfalda og ódýra líf- og sjúkdómatryggingu fyrir fólk á aldrinum 18–35 ára. Umsóknarferlið er einfalt og einungis hægt að sækja um tryggingarnar á netinu. Fyrir 1.200 krónur á mánuði fæst fimm milljóna króna líftrygging og þriggja milljóna króna sjúkdómatrygging. Tryggingin er ætluð ungu fólki með litlar skuldbindingar sem er að stíga sín fyrstu skref að fjárhagslegu sjálfstæði.





## HELSTU VIÐBURÐIR ÁRSINS

### SJÓVÁ ÁFRAM Í ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDU ÍSÍ

- Sjóvá undirritaði samstarfssamninga við ÍSÍ ásamt þremur öðrum fyrirtækjum sem staðið hafa með Sjóvá að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ undanfarin ár. Samningurinn gildir fram yfir Ólympíuleikana í Ríó 2016.



### STOFNENDURGREIÐSLA 2014

- Í febrúar endurgreiddi Sjóvá 21.288 tjónlausum fjölskyldum í Stofni hluta iðgjalda ársins á undan. Viðskiptavinum gafst kostur á að gefa hluta af endurgreiðslu sinni, eða hana alla, til góðgerðarmála þegar þeir sóttu endurgreiðsluna. Alls söfnuðust 2,5 m.kr. til styrktar Ljósínu.

JANÚAR

FEBRÚAR

MARS

### ÁNÆGÐ BÖRN Í SLEIPNI

- Sjóvá gaf hestamannafélaginu Sleipni á Selfossi reiðhjólahljálma og endurskinsvesti fyrir börn sem sækja reiðnámskeið félagsins. Lítil sem engin lýsing er við reiðhöllina og koma vestin sér því vel þegar börnin eru úti að vetri til, hvort sem þau eru á námskeiðum eða í reiðtúrum.

### FUNDUR VÍB Í HÖRPU

- Í mars hélt VÍB fund þar sem farið var yfir skráningu Sjóvár á markað og fyrirtækið kynnt áhugasömum fjárfestum. Um 150 manns sóttu fundinn.

### LÍFSHLAUPIÐ

- Starfsfólk Sjóvár stóð sig vel í Lífshlaupinu og hreppti gullverðlaun í fjölda mínútna og silfurverðlaun í fjölda daga eftir harða keppni.

### SAMSTARFSHÓPUR UM VARNIR GEGN VATNSTJÓNUM

- Sjóvá var stofnaðili að samstarfshópnum ásamt öðrum tryggingafélögum, stofnunum og hagsmunaaðilum. Hópurinn telur að draga megi verulega úr vatnstjónum með fræðslu til almennings, en þau valda miklu raski og eru tryggingafélögum og heimilum afar kostnaðarsöm.







### SJÓVÁ SKRÁÐ Á AÐALMARKAÐ KAUPHALLAR

- Sjóvá var skráð á Aðalmarkað kauphallar þegar Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvár, og Páll Harðarson, forstjóri Nasdaq Iceland, undirrituðu samning þess efnis. Bréf í Sjóvá voru tekin til viðskipta 11. apríl að undangengnu almennu útboði á 23% hlutafjár í félaginu.

### ÚTSKRIFT TRYGGINGASKÓLANS

- Tryggingaskólinn er samvinnuverkefni allra tryggingafélaganna og hefur verið starfandi í nokkur ár. Nokkrar áherslubreytingar voru gerðar á náminu síðastliðinn vetur og lýkur því nú með vottun váttryggingastarfsmanna.

### ÞRÍR HEPPNIR UNNU IPAD SPJALDTÖLVU

- Í tengslum við Stofnendurgreiðsluna voru viðskiptavinir hvattir til að yfirfara tryggingaþörf heimilisins og höfðu þeir þá um leið möguleika á að vinna til verðlauna.

### NÝR OG BETRI VEFUR

- Á árinu var nýr og glæsilegur vefur settur í loftið. Markmiðið með breytingunum var að einfalda viðmót og gera vefinn notendavænni, jafnt á tölvum, spjaldtölvum og snjalltækjum.

APRÍL ○

○ MAÍ

### LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGING FYRIR UNGT FÓLK

- Kynnt var ný líf- og sjúkdómatrygging fyrir fólk á aldrinum 18–35 ára. Um er að ræða tryggingu sem er eingöngu seld á netinu og er ætlað að svara þörfum ungs fólks með lægri fjárhagslegar skuldbindingar.

### FYRIRTÆKI ÁRSINS

- Sjóvá var efst allra tryggingafélaganna í könnun VR um fyrirtæki ársins. Sjóvá lenti í 22. sæti í flokki stærri fyrirtækja og hækkaði um 16 sæti á milli ára. Hæstu einkunnir voru starfsandi, sjálfstæði, sveigjanleiki, ánægja og stolt.



### JAFNLAUNAVOTTUN VR

- Sjóvá fékk formlega afhenta Jafnlaunavottun VR og er það ánægjuleg staðfesting á að skýr stefna og aðgerðir í jafnréttismálum skila góðum árangri.

### FJALLGÖNGUSVIÐ SJÓVÁR Á EYJAFJALLAJÖKUL

- Vaskur hópur göngufólks af Fjallgöngusviði Sjóvár náði toppi Eyjafjallajökuls. Fjallgöngusviðið er hópur starfsmanna sem stundar útivist af miklu kappi.

## ISO 27001 VOTTUN

- Sjóvá fékk staðfestingu á að öll starfsemi er nú í samræmi við kröfur ISO 27001 upplýsingaöryggisstaðalsins.

## SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ 25 ÁRA

- Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ var haldið í 25. sinn þann 14. júní. Um 15.000 konur tóku þátt í hlaupinu á um 85 stöðum um allt land og á 20 stöðum erlendis. Frá því Kvannahlaupið hófst hafa rúmlega 370 þúsund skráningar borist og hafa margar konur hlaupið frá upphafi.



## LEIKHÓPURINN LOTTA

- Eins og undanfarin ár bauð Sjóvá börnum viðskiptavina í Stofni frítt á leiksýningu yfir sumarið. Leikhópurinn fór um allt land og sýndi leikritið um Hróa hött. Um 3.600 ánægð börn viðskiptavina í Stofni sáu sýninguna.

## TJÓNAMATSMENN Á FERÐ UM LANDIÐ

- Mikil áhersla er lögð á góð tengsl við þau verkstæði sem þjóna viðskiptavinum Sjóvár. Fimmta árið í röð fóru tjónamatsmenn hringferð um landið og fóru yfir þjónustugæði þeirra verkstæða sem Sjóvá er í samstarfi við.

JÚNÍ

JÚLÍ

ÁGÚST

SEPTEMBER



## HÁLENDISVAKT – SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

- Hópar sjálfbodaðila frá Landsbjörgu lögðu leið sína á hálendið líkt og fyrr ári og er Sjóvá bakhjarl verkefnisins. Björgunarsveitirnar halda úti Hálandisvakt í júlí og ágúst með það að markmiði að styttu viðbragðstíma og auka öryggi þeirra sem á hálendinu eru.

## STJÖRNUMERKT VERKSTÆÐI

- Fimm stjörnu verkstæði uppfylla kröfur Sjóvár um góða þjónustu og hafa gæðakerfi vottað af faggiltum úttektaraðila. Á árinu var haldið áfram að auka sýnileika þeirra verkstæða sem hlotið hafa fimm stjörnu vottun. Markmið með stjörnujöfnni er að tryggja viðskiptavinum hámarksgæði á viðgerðum og þjónustu, sem og auðvelda þeim að velja verkstæði.



## VERÐLAUN Á SJÁVARÚTVEGSSÝNINGUNNI

- Sjóvá tók þátt í Sjávarútvegssýningunni 2014 sem fram fór í Fífunni og vann fyrstu verðlaun fyrir básinn.

## Í FORVARNARSTARFI

- Forvarnarteymi Sjóvár vann með ýmsum fyrirtækjum á árinu. Markmið starfsins er að auka þekkingu á helstu orsökum slysa og tjóna og hvernig má koma í veg fyrir þau. Reynslan sýnir að þegar fyrirtæki leggja áherslu á forvarnir fækkar slysum, tjónum og starfsánægja eykst.



## ÖRYGGISAKADEMÍAN

- Sjóvá og Slysavarnafélagið Landsbjörg stóðu saman að Öryggisakademíunni annað árið í röð. Hlutverk hennar er að koma öryggisupplýsingum í tengslum við flugelda á framfæri við alla aldurshópa í kringum áramótin.

OKTÓBER

NÓVEMBER

DESEMBER

## DEKKJATILBOÐ

- Líkt og undanfarin ár bauðst viðskiptavinum í Stofni afsláttur af dekkjum hjá samstarfsaðilum Sjóvár. Markmiðið er að auka umferðaröryggi með því að fækka slitnum og ónothæfum dekkjum sem eru í of mörgum tilfellum í notkun.

## MORGUNVERÐARFUNDUR

- Sjóvá hélt opinn morgunverðarfund þar sem góðir gestir fjölluðu um umferðaröryggi og breyttar kröfur um mynsturdýpt dekkja. Með breytingunum eru nú gerðar svipaðar kröfur til hjólbarða á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum.



## DAGURINN OKKAR

- Starfsdagur Sjóvár var haldinn að venju þar sem starfsfólk hittist einn laugardag. Farið var yfir víska þætti þjónustunnar. Góðir gestafyrirlesarar komu í heimsókn og hafði starfsfólk bæði gagn og gaman af.





## ÞÚ FÆRÐ MEIRA Í STOFNI

Með því að sameina tryggingar fjölskyldunnar hjá Sjóvá ferðu í Stofn. Rétt um 30.000 fjölskyldur eru nú í Stofni og njóta margvíslegra sérkjara.

Í febrúar ár hvert endurgreidir Sjóvá tjónlausum viðskiptavinum í Stofni hluta íðgjalda sinna. Árið 2014 fengu yfir 21.000 fjölskyldur Stofnendurgreiðslu. Þúsundir viðskiptavina hafa einnig notfært sér 30% afslátt af barnabístólum og nýtt sér þjónustu Vegaaðstoðar frá því hún var kynnt árið 2008.

Síðan 2011 hafa Sjóvá og samstarfsaðilar félagsins boðið viðskiptavinum í Stofni afslátt af dekkjum. Markmið verkefnisins var að efla umræðu um mikilvægi þess að vera á vönduðum dekkjum með góða mynsturdýpt og auka þannig umferðaröryggi.




## AF REKSTRI ÁRSINS

### ÍSLENSKI VÁTRYGGINGAMARKAÐURINN

Á íslenska vátryggingamarkaðinum starfa níu innlend félög, fjögur í skaðatryggingum og fimm í líftryggingum. Markaðurinn einkennist af fáum en sterkum félögum. Árið 2014 voru fjögur félög sem buðu fulla þjónustu og vöru-úrval í skaðatryggingum; Sjóvá, VÍS, TM og Vörður.

Skaðatryggingafélögin reka öll dótturfélag á líftryggingamarkaðinum, auk líftryggingafélagsins Okkar Líf, sem er dótturfélag Arion banka. Einnig starfa nokkrir erlendir aðilar á íslenska líftryggingamarkaðinum.


Samkvæmt ársreikningum má gera ráð fyrir að heildar-íðgjöld markaðarins á árinu 2014 hafi verið rúmlega 48 ma.kr. en opinberar tölur hafa ekki enn verið birtar af Fjármálaeftirlitinu. Markaðshlutdeild Sjóvár hækkaði lítillega og var um 28%.



### SJÓVÁ-ALMENNAR LÍFTRYGGINGAR HF.

Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá Líf) er dótturfélag Sjóvár og starfar á sviði persónutrygginga, aðallega líf- og sjúkdómatrygginga. Upphaf innlendrar líftryggingastarfsemi hér á landi má rekja aftur til ársins 1934 þegar stofnuð var Líftryggingadeild innan Sjóvátryggingafélagsins. Dagleg starfsemi Sjóvár Lífs er í höndum móðurfélagsins. Félagið er með stærstu hlutdeild í íðgjöldum íslenskra líftryggingafélaga og var hún 33% á síðasta ári. Sala persónutrygginga gekk vel á árinu. Ef litið er til íðgjalda þá komu 11% íðgjalda Sjóvár-samstæðunnar frá persónutryggingum en stærri hluti rekstrarafkomu, eða 42%.

Fyrir Alþingi liggur tillaga um breytingar á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og er þess vænst að þær verði samþykktar á yfirstandandi þingi. Samkvæmt



frumvarpinu verður óheimilt að beita kynjabreytu við ákvörðun iðgjalda í tengslum við tryggingar og verður verðskrá eins fyrir bæði kyn ef frumvarpið verður að lögum.

## UMHVERFI OG EFNAHAGSMÁL

Helstu hagvísar gáfu misvísandi skilaboð á árinu 2014. Verðbólga lækkaði skarpt og var 4,2% í upphafi árs en 0,8% í lok þess og hafði ekki verið minni í 16 ár. Samhliða þessu lækkuðu verðbólguvæntingar bæði til skemmri og lengri tíma verulega og niður að verðbólgu markmiði Sedlabanka Íslands. Á fyrsta ársfjórðungi voru gerðir kjarasamningar sem leiddu til þess, ásamt lágrri verðbólgu, að tólf mánaða hækkun vísitölu kaupmáttar launa var 5,8% og hefur ekki verið meiri síðan í lok síðustu aldar. Hagvöxtur ársins 2014 var 1,9% en á árinu 2015 er spáð að hann verði 4,2%.

Ávöxtunarkrafa bæði verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa lækkaði fram á mitt ár en eftir það stóð ávöxtunarkrafa verðtryggðra skuldabréfa í stað en ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa lækkaði skarpt. Stýrivextir Sedlabanka Íslands voru lækkaðir tvisvar á árinu, um 25 punkta í nóvember og 50 punkta í desember, sem studdi við lækkun ávöxtunarkröfu á markaði og átti þátt í því, ásamt góðum uppgjörum nokkurra stærstu fyrirtækjanna í kauphöllinni, að hleypa lífi í hlutabréfamarkaðinn.

Stjórn Sjóvárs breytti fjárfestingarstefnu félagsins tvisvar á árinu þar sem áhersla var m.a. aukin á fjárfestingar í hlutabréfum. Á síðasta ári fór eign félagsins í skráðum hlutabréfum úr 2.665 m.kr. í upphafi þess í 3.986 m.kr. í lok þess. Í upphafi ársins átti félagið 25,6 m.kr. í óskráðum hlutabréfum en í lok þess 1,1 m.kr. Félagið fjárfesti einnig í sértryggðum skuldabréfum á árinu. Í upphafi ársins voru fjárfestingareignir félagsins 30.010 m.kr. en 26.984 m.kr. án hlutdeildarsjóða í eigin áhættu líftryggingataka. Í lok ársins voru fjárfestingareignir 33.946 m.kr. en 30.826 m.kr. án hlutdeildarsjóða í eigin áhættu líftryggingataka.

## FAGLEG RÁÐGJÖF

Ráðgjafar Sjóvárs hafa yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af váttryggingum og leggja ávallt metnað sinn í að aðstoða viðskiptavinum við að yfirfara váttryggingavernd. Fjölskyldu-aðstæður taka breytingum á lífsleiðinni og því er mikilvægt að aðlagja verndina að þörfum hverju sinni. Til viðbótar við reglubundna yfirferð á váttryggingavernd viðskiptavina

hefur verið lögð sérstök áhersla á að ræða við viðskiptavinum um mikilvægi persónutrygginga. Ráðgjafar félagsins hafa fundið fyrir auknum áhuga viðskiptavina á þessum tryggingum og því ljóst að áherslur Sjóvárs eru í takt við þarfir markaðarins.

## LÍF- OG SJÚKDÓMATRYGGINGAR FYRIR 18–35 ÁRA

Sjóvá kynnti nýja váttryggingu um mitt árið sem miðar að því að hvetja ungt fólk til að huga að líf- og sjúkdómatriyggjum snemma á lífsleiðinni. Þessa tryggingu er aðeins hægt að kaupa á sjova.is, en ljóst er að yngri aldurshópar kjósa rafrænar leiðir í auknum mæli til að eiga samskipti við félagið.

Margir telja að þörfin fyrir líf- og sjúkdómatriyggingar komi fyrst til þegar stofnað er til fjölskyldu en algengt er þó að ungt fólk sé komið með fjárhagslegar skuldbindingar mun fyrr, til að mynda námslán og bílalan. Umræðan sem átt hefur sér stað undanfarið um hvernig ábyrgð á námslánum erfist undirstrikar mikilvægi þess að huga að þessum málum. Líf- og sjúkdómatriyggingar geta dregið verulega úr fjárhagslegum áhrifum vegna skyndilegra veikinda eða fráfalls.

## AÐGENGILEG ÞJÓNUSTA

Höfuðstöðvar Sjóvárs eru í Kringlunni 5, Reykjavík en þjónustuskrifstofur eru um land allt. Alls eru starfandi 11 útibú ásamt 22 umboðs- og þjónustuaðilum. Auk viðtæks þjónustunets hefur verið lögð áhersla á að þróa þjónustu Sjóvárs í gegnum rafrænar samskiptaleiðir. Mikill vinna og metnaður var lagður í að þróa sjova.is á árinu í takti við auknar þarfir viðskiptavina til að geta aflað sér upplýsinga með einföldum hætti þegar þeim hentar. Nýjum vef hefur verið vel tekið og hefur heimsóknnum fjölgað jafnt og þétt. Á sjova.is er að finna ýmsar upplýsingar sem nýtast til að fara yfir þjónustuframboð félagsins og þar er einfalt að tilkynna tjón. Á mínum síðum, sem er aðgangsstýrt svæði, er auðvelt fyrir viðskiptavinum að nálgast allar upplýsingar um viðskipti sín, skoða váttryggingayfirlit og ráðstafa Stofnendurgreiðslu svo fátt eitt sé nefnt. Það má með sanni segja að Mínan síður séu orðnar vinsælasta útibú félagsins og sífellt fleiri viðskiptavinir nota þessa einföldu þjónustuleið. Vinsældir netspjallsins eru einnig að aukast en þar geta viðskiptavinir beint fyrirspurnum til ráðgjafa og fengið svör um hæð.

Öll fyrirtæki, óháð stærð, sem eru með heildarviðskipti sín hjá Sjóvá, hafa sinn eigin viðskiptastjóra sem sinnir reglubundnum samskiptum og þjónustu við þau. Viðskiptastjórar tryggja, í samstarfi við forsvarsmenn fyrirtækja, að váttryggingavernd sé yfirfarin reglulega og löguð að breyttum forsendum eða nýjum verkefnum fyrirtækjanna. Forvarnarsamstarf er mikilvægur þáttur í þeirri þjónustu sem Sjóvá veitir fyrirtækjum og hefur skilað góðum árangri við að lágmarka tjón og fækka slysum.


Hlutverk Sjóvár er að skapa þá hugarró sem fylgir því að vera með rétta váttryggingavernd. Við stefnum ótraud að því að sýna áfram frumkvæði í samskiptum við viðskiptavini með því að benda þeim á mikilvægi þess að tryggja fjárhagslegt öryggi með reglubundinni yfirferð yfir tryggingaverndina.

## ÖFLUGT ÚTIBÚANET

Sjóvá rekur 11 útibú og þar starfa 30 starfsmenn með víðtæka menntun og mikla starfsreynslu. Félagið er auk þess með samninga við 21 umboðsaðila. Sjóvá hefur því á að skipa 33 þjónustuskrifstofum víðs vegar um landið að höfuðstöðvum meðtöldum. Starfsemin er þannig uppbyggð að landinu er skipt upp í sjö svæði þar sem svæðisútibú er ábyrgt fyrir rekstri, tjónaumsýslu, þjónustu og viðskiptum á svæðinu.

## STARFSSVÆÐI SJÓVÁR

- Reykjanesbær: Suðurnes að Álftanesi. Svæðisútibú í Reykjanesbæ og umboð í Grindavík.
- Akranes: Bæjarfélagið og nærsveitir. Svæðisútibú á Akranesi.
- Borgarbyggð: Borgarbyggð og nærliggjandi sveitir ásamt Snæfellsnesi og Norð-Vesturlandi til og með Hvammstanga. Svæðisútibú í Borgarnesi, umboð í Ólafsvík, Stykkishólmi, Búðardal og á Hvammstanga.
- Ísafjörður: Vestfirðir frá Reykhólum að Hólmavík. Svæðisútibú á Ísafirði, umboð á Patreksfirði, Bolungarvík og Hólmavík.
- Akureyri: Svæðið frá Blönduósi til Þórshafnar. Svæðisútibú Akureyri auk útibúa á Húsavík og Dalvík. Umboð á Blönduósi, Skagaströnd, Saudárkróki, Siglufirði, í Grímsey og Reykjahlíð.
- Egilsstaðir: Svæðið frá Bakkafirði að Örafum. Svæðisútibú á Egilsstöðum og útibú á Reyðarfirði. Umboð á Vopnafirði, í Neskaupstað, Breiddalsvík, á Djúpavogi og Höfn.
- Selfoss: Suðurland frá Kirkjubæjarklaustri að Hveragerði ásamt Vestmannaeyjum. Svæðisútibú á Selfossi auk útibús í Vestmannaeyjum. Umboð á Hellu og í Þorlákshöfn.










## TJÓN OG TJÓNAÞJÓNUSTA

Lendi viðskiptavinur í tjóni skipta fyrstu viðbrögð öllu máli. Sjóvá leggur áherslu á skjóta, fumlausa og örugga tjónaþjónustu. Vel búnir tjónamatsmenn, sem allir eru fagmenntaðir, eru á vakt allan sólarhringinn og tryggja að viðskiptavinir fái bestu hugsanlegu þjónustu hvenær sem þeir þurfa á henni að halda. Leitast er við að ná fram jákvæðri upplifun og tjónamatsmenn og verktakar vinna þétt með viðskiptavinum að því að lágmarka tjón og þá röskun sem þeir verða fyrir. Sjóvá tekur við rafrænum tjónstilkynningum á sjova.is, starfsmenn hafa samband við viðskiptavini eins fljótt og auðið er og veita upplýsingar um næstu skref. Sífellt fleiri nýta sér rafrænar tjónstilkynningar, sem er ánægjuleg þróun.

Forvarnarstarf Sjóvár miðar að því að styrkja tjóna- og slysavarnir einstaklinga og fyrirtækja. Til mikils er að vinna því með markvissri fræðslu og vitundarvakningu meðal einstaklinga og fyrirtækja er hægt að koma í veg fyrir fjölda

tjóna og lágmarka líkurnar á slysum. Ávinningurinn gagnast bæði Sjóvá og viðskiptavinum sem spara sér óþægindi sem þeir hefðu annars orðið fyrir og fækkun tjóna skilar sér á endanum í minni kostnaði við tryggingar fyrir alla.

Tjónatíðni í skadatryggingum 2008–2014



## TJÓNATÖLUR OG ÞRÓUN


Tjónatíðni ársins 2014 jókst nokkuð frá árinu áður.

Hækkunin varð einkum í þeim tegundum trygginga sem verða fyrir áhrifum af tíðarfari.

Tjónaþróun fylgir straumum og stefnum í samfélaginu og sjást merki þess í fjölgun tjóna á sínum, spjaldtölvum og snjalltækjum ýmiss konar. Tjónum á stærri tækjum, svo sem sjónvörpum og myndavélum, fækkar að sama skapi. Þrátt fyrir fleiri tjón í þessum flokki er meðaltjón ekki að hækka og segja má að þunginn færir einfaldlega frá einni tegund tækja til annarra.

## BRUNATJÓN

Tíðni brunatjóna hefur sveiflast nokkuð, en tjónatíðnin hefur þó í heildina farið lækkandi undanfarna áratugi og má þakka þá þróun betri brunavörnum og vitundarvakningu. Til mikils er að vinna að koma í veg fyrir brunatjón enda geta afleiðingar þeirra verið víðtækar, líkt og sannaðist í Skeifubrunanum síðastliðað sumari.




## VATNSTJÓN

Stærstur hluti skráðra fasteignatjóna eru vatnstjón, eða um 80%. Líta þarf til ýmissa þátta þegar skoðað er hvað hefur áhrif á tíðni þeirra. Meirihluta vatnstjóna má rekja til þess að lögn eða blöndunartæki gefa sig. Í seinni tíð hefur blöndunartækjum og öðrum tækjum sem tengd eru vatni fjölgað og það hefur haft áhrif á tjónin. Unnið er að því að efla forvarnir vegna þessara tjóna og áhersla lögð á mikilvægi þess að endurnýja lagnir og að leitað sé til fagaðila við lagnavinnu.

Sjóvá tekur þátt í samstarfshópi um forvarnir gegn vatnstjónum en hópurinn er meðal annars skipaður fulltrúum Mannvirkjastofnunar, tryggingafélaga og fagmanna í pípulögnum, dúklagningum og múrverki. Það er verðugt samfélagslegt verkefni því til mikils er að vinna að koma í veg fyrir milljarða eignatjón, óþægindi og jafnvel heilsutjón af völdum vatnsleka. Ef til tjóns kemur skipta góð viðbrögð sköpum til að lágmarka tjón og afleiðingar þess.

Samstarfshópurinn gaf á árinu út bækling um varnir gegn vatnstjónum á heimilum. Markmiðið með honum var að fræða um leiðir til að koma í veg fyrir vatnstjón sem og fyrstu viðbrögð, en þau geta skipt sköpum.



## SAMSTARF UM FORVARNIR

Sjóvá tekur þátt í margvíslegri samvinnu á sviði tjóna- og slysavarna. Auk vatnstjónshópsins vinnur Sjóvá ásamt samstarfsaðilum að brunavörnum á vettvangi Eldvarnabandalagsins. Kannanir á vegum þess sýna að brunavörnum í leiguhúsnæði er ábótavant og þar er verk að vinna. Sjóvá tekur einnig virkan þátt í starfshópi um umferðaröryggi þar sem unnið er með tillögum að úrbótum til að fækka slysum og tjónum í umferðinni. Tillögunum er forgangsraðað og þeim komið á framfæri við úrlausnaraðila. Þessi samvinna hefur skilað miklum árangri.

---

## EFLING UMFERÐARÖRYGGIS ER VIÐVARANDI VERKEFNI

Sjóvá hefur unnið ötullega að því að stuðla að auknu umferðaröryggi. Einn liður í því er að vinna markvisst með verkstæðum við að ná fram enn meiri gæðum. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel. Í kjölfar tjóns sem kemur inn á borð hjá Sjóvá fer ökutækið í tjónamat hjá viðurkenndu réttingarverkstæði og ef það er viðgerðarhæft sér viðurkennt verkstæði alltaf um viðgerðina.

Í þeim tilvikum þegar áætlaður viðgerðarkostnaður er umfram verðmæti ökutækisins kaupir Sjóvá ökutækið. Þrátt fyrir að tækið standi ekki undir viðgerðarkostnaði eru oft töluverð verðmæti í því. Valið stendur þá milli þess að að bjóða ökutækið til sölu á uppboðsvefnum [bilauppbod.is](http://bilauppbod.is) eða selja það til bílapartasala með svonefndum niðurrifslás.

---

## NIÐURRIFSLÁS

Þegar ökutæki er skráð með niðurrifslás í ökutækjaskrá eru skráningarnúmer lögð inn hjá Samgöngustofu og þá er ekki hægt að skrá ökutækið aftur í umferð. Ökutækið fer því eingöngu til notkunar í varahluti. Sjóvá hafði frumkvæði að niðurrifslásnum á sínum tíma til að girða fyrir að illa farin ökutæki fari eftirlitslaust í umferðina aftur, sem eykur umferðaröryggi. Hjá Sjóvá er það ófrávikjanleg regla að ökutæki sem skráð eru sem tjónabílar eða eru það illa farin að þau ógna umferðaröryggi eru seld með niðurrifslás, þrátt fyrir að þannig fáiast í flestum tilfellum lægra verð fyrir bílflakið.

Sjóvá hefur komið á framfæri ýmsum ábendingum til Samgöngustofu um fleiri tækifæri til að efla umferðaröryggi og verður áhugavert að fylgjast með þróun þeirra verkefna.

---

## FERÐATJÓN HEIMA OG AÐ HEIMAN

Meðvitund almennings um mikilvægi góðra ferðatrygginga hefur aukist í takti við vaxandi ferðalög. Sjóvá þekkir vel til alls þess sem getur komið upp á á ferðalögum því félagið hefur um árabil sinnt afgreiðslu mála vegna ferðatrygginga greiðslukorta, auk ferðatrygginga í fjölskylduvernd. Breytt ferðamynstur hefur einnig haft áhrif á þróun ferðatjóna, meðal annars með fjölgun ferðalaga til fjarlægra heims hluta þar sem aðstæður geta verið frumstæðar komi upp veikindi eða slys verður.

Samstarfsaðili Sjóvár í alvarlegri tjónum á ferðalögum er SOS International, sem með alþjóðlegu tengslaneti sínu gerir Sjóvá kleift að sinna viðskiptavinum betur, staðfesta greiðslu reikninga og greiða fyrir endurskipulagningu heimferðar eftir því sem þörf er á. Það tekur á að lenda í alvarlegum veikindum eða slysum á ókunnum slóðum og þurfa að tjá sig á öðru tungumáli en sínu eigin. Þá er mikilvægt að geta treyst á tryggingaverndina og þjónustu Sjóvár og SOS International.

---

## RÚÐUPLÁSTRAR

Sjóvá hefur dreift framrúðuplástrum til viðskiptavina undanfarin ár með afar góðum árangri. Markmið þeirra er að koma í veg fyrir skemmdir á rúðum svo hægt sé að gera við minni framrúðuskemmdir í stað þess að skipta út rúðum í heild sinni. Á árinu 2014 var gert við rúður í 8% af öllum rúðutjónum. Ávinningurinn er mikill fyrir viðskiptavini, tjónakostnaður og eigin áhætta lækkar, en ávinningurinn er einnig umtalsverður þegar litið er til umhverfisáhrifa viðgerðarkostanna.





## SKIPULAG OG REKSTUR

### STARFSÁNÆGJA

Ánægja og vellíðan starfsfólks á vinnustað skiptir höfuðmáli hjá fyrirtæki sem gerir ýtrustu kröfur um fagmennsku og góða þjónustu. Fyrirtækjamenning Sjóvá einkennist af mikilli þjónustulund, samheldni og þolgæði, í bland við keppnisskap og vináttu. Fjórða árið í röð sýna niðurstöður árlegrar vinnustaðgreiningar að starfsánægja eykst milli ára og mælist nú ein sú hæsta hjá íslenskum fyrirtækjum í gagnagrunni Capacent. Þessi mannaúður, ásamt mikilli starfsreynslu, eru helstu styrkleikar Sjóvá.

Lífaldur		Starfsaldur	
19–29 ára	3%	0–5 ár	33%
30–39 ára	19%	6–10 ára	22%
40–49 ára	36%	11–15 ára	21%
50 ára og eldri	42%	15 ár og meira	24%
Meðalaldur	46 ár	Meðalstarfsaldur	12 ár

### ÞEKING

Tryggingarekstur er sérhæft starfsemi og því skiptir þekking starfsfólks og stöðugt viðhald og efling hennar afar miklu máli. Hjá Sjóvá eru 45% starfsfólks með háskóla-menntun, 32% hafa lokið stúdentsprófi eða iðnnámi og 23% eru með aðra menntun. Starfsmannahópurinn er blanda af vel menntuðum sérfræðingum með langa reynslu af váttryggingarekstri auk þekkingar og reynslu úr ýmsum geirum atvinnulífsins. Sjóvá býður starfsfólki metnaðarfulla fræðslu- og símenntunardagskrá, en starfsfólk er einnig duglegt að sækja erindi, námskeið og ráðstefnur bæði heima og erlendis.

### JAFNRÉTTI

Hjá Sjóvá er 55% starfsmannahópsins konur og 45% karlar og sömu kynjahlutföll eru í stjórnendahópnum. Í stjórn og framkvæmdastjórn eru konur 40% og karlar 60%.

Sjóvá skilgreinir á ári hverju aðgerðir byggðar á jafnréttis- stefnu félagsins með það að markmiði að stuðla að jafnri stöðu karla og kvenna. Þessar aðgerðir ná jafnt til launa- ákvarðana, ráðninga, stöðuveitinga og annarra tækifæra innan félagsins. Reglulegt eftirlit er með launaþróun og þess gætt að hjá Sjóvá séu sömu laun greidd yfir sam- bærilega vinnu, menntun og reynslu.


Á árinu fékk Sjóvá jafnlaunakerfi sitt vottað samkvæmt kröfum Staðlaráðs Íslands og viðmiðum VR, sem er stærsta stéttarfélag starfsmanna Sjóvár. Ekki aðeins stóðust gæðakerfi og verkferlar Sjóvár allar kröfur staðals- ins, heldur þurfti ekki að gera eina einustu breytingu á launum hjá félaginu fyrir vottun. Launamunur kynjanna er innan við 1% sem er með því allra lægsta sem sést hjá íslenskum fyrirtækjum.

## BETRI FERLI, AUKIN GÆÐI

Í maí 2014 fékk Sjóvá vottun samkvæmt ISO 27001 upplýsingaöryggisstaðlinum. Með vottuninni er staðfest að fyrirtækið uppfyllir kröfur Fjármálaeftirlitsins um rekstur upplýsingakerfa hjá eftirlitsskyldum aðilum. Innleiðing staðalsins er þegar farin að skila sér í auknum gæðum og aukinni vitund um mikilvægi upplýsingaöryggis. Stöðugt eftirlit er með því að öll starfsemin uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til váttryggingareksturs á hverjum tíma.

Framtíðasýn Sjóvár er að vera tryggingafélag sem þér líður vel hjá. Til þess að viðskiptavinum líði vel verða þeir að vera ánægðir. Til að auka ánægju viðskiptavina og færa Sjóvá nær þörfum þeirra hefur verið ákveðið að beita straumlínustjórnun, þar sem áherslan verður að bæta upplifun viðskiptavina af þjónustunni með því að nýta tímann betur, bæta ferla og draga úr sóun. Til að fram- fylgja innleiðingu straumlínustjórnunar var sett á fót ný deild í lok árs, sem ber heitið verkefnastýring.

Upplýsingakerfi félagsins eru í stöðugri þróun og margar nýjungar litu dagsins ljós á árinu 2014. Má þar nefna að hafin var sala á líf- og sjúkdómategyggingu fyrir ungt fólk á netinu þar sem viðskiptavinir geta afgreitt sig sjálfir. Allt ferlið við útgáfu trygginganna er sjálfvirk. Heimasíða félagsins tók stakkaskiptum á árinu og þá hafa „Mínar síður“ einnig verið uppfærðar og aðlagðar nýjustu tækni. Sífellt fleiri viðskiptavinir óska eftir að vera í pappírslausum viðskiptum og skoða frekar tryggingaskjöl sín á netinu. Þannig stuðla þeir að minni pappírslausum. Allt bendir til að viðskiptavinir muni í sífellt auknum mæli vilja afla sér upplýsinga og afgreiða sig sjálfir og mun Sjóvá kappkosta að vera leiðandi á þessu sviði.





## SAMFÉLAG UM TRYGGINGAR

Hlutverk Sjóvár er að tryggja verðmætin í lífi viðskiptavina sinna. Þetta er veigamikil samfélagslegt hlutverk sem krefst þess að unnið sé í samvinnu og sátt við samfélagið og umhverfið. Samfélagslega ábyrg starfsemi byggir á því að líta lengra fram á við og stuðla að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélagið allt, viðskiptavini og hluthafa. Þessu hlutverki sinnir Sjóvá með því að lágmarka áhættu viðskiptavina sem lenda í tjóni og vinna faglega að því að takmarka áhættu og tjón með markvissum forvörnum. Unnið er að þessum markmiðum, og stuðlað að sjálfbærri þróun, arðsemi og vexti til framtíðar, með góðum og gagnsæjum viðskiptaháttum, með því að vera leiðandi í forvörnum og með því að starfa í sátt við umhverfið.

### GAGNKVÆMUR ÁVINNINGUR

Á árinu gerðist Sjóvá aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Félög innan Festu leitast við að axla ábyrgð á þeim áhrifum sem rekstur þeirra hefur á fólk

og umhverfi. Félögin eru einnig meðvituð um mikilvægi þess að hafa jákvæð áhrif á þróun samfélagsins sem svo aftur skilar bæði þeim og samfélaginu ávinningi. Gegnsæ og siðferðisleg háttsemi stuðlar að sjálfbærri þróun, tekur mið af væntingum hagsmunaaðila, fylgir lögum og alþjóðlega viðtekinni háttsemi og ýtir undir viðleitni til að fyrirbyggja og draga úr skaðlegum áhrifum rekstrarins.

Með aðild að Festu varð engin stefnubreyting hjá Sjóvá því félagið hefur að undanfögnu stigið mörg jákvæð skref á þessum sviðum. Ögun og ábyrgð í rekstri skilar betri niðurstöðum, allt frá ábyrgari flokkun tjónabifreiða til sorpflokkunar og betri nýtingar matvæla í mötuneyti.

Rekstur Sjóvár er eftirlitsskyldur og á árinu var félagið skráð í kauphöll. Skráningunni fylgir rík upplýsingaskylda og þar með kröfur um gegnsæi. Stjórnarhættir eru í samræmi við lög og leiðbeiningar og edli viðskiptanna krefst þess að vörur og væntingar viðskiptavina fari saman.



## ÁBYRGUR REKSTUR

Með auknum kröfum um hagkvæmni í rekstri og með breyttum stjórnunaráherslum gafst tækifæri til að nýta minna húsnæði í höfuðstöðvum. Sú breyting hefur skilað umtalsverðum sparnaði og betri nýtingu húsnæðisins. Samhliða húsnæðisbreytingunum var sorpflokkun bætt til muna og með nýju prentkerfi dró úr prentun svo um munar. Prenturum í höfuðstöðvum og útibúum var fækkað úr um 70 í 30, en tækjum fækkaði í raun mun meira því nýju tækin leystu af prentara, skanna og ljósritunarvélar. Nýju tækin eru jafnframt vistvæn, nýta vistvænni efni og hafa minni áhrif á loftgæði. Eigin prentun dróst saman um 61% frá árinu 2011 og hafa hingað til sparast um þrjú tonn af pappír árlega frá því sem áður var.

Fjöldi verkefna sem stuðlar að ábyrgari nýtingu verðmæta, s.s. notkun framrúðuplástra, endurnýting varahluta og niðurrifslásaverkefnið eru dæmi um ákvarðanir sem skila gagnkvæmum ávinningi fyrir viðskiptavinum, félagið og samfélagið í heild og eru jafnframt afar jákvæð fyrir umhverfið.

Samgöngukostnaður, bæði flug og akstur, vega þungt í fjárhagslegu jafnt sem umhverfislegu tilliti, svo mikilvægt er fylgjast með þeim þáttum. Undanfarin ár hefur verið

leitast við að nýta betur ferðir innanlands og skilar það sér í minni útblæstri vegna innanlandsflugs. Akstur og eldsneytisnotkun bíla hefur verið að dragast saman undanfarin ár en stendur nú því sem næst í stað miðað við fyrra ár. Endurnýjun bifreiða hefur að jafnaði þýtt aukna sparneytni. Hvað varðar utanferðir þá dró mjög úr þeim þegar þrengdi að í efnahagslífinu, svo síðastliðið ár speglar uppsafnaða þörf fyrir símenntun og fræðslu á nýjungum í váttrygginga-umhverfinu.

## STUÐNINGUR VIÐ SAMFÉLAGSMÁL

Sjóvá kappkostar að þeir fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu félagsins og að verkefni hafi forvarnargildi. Sjóvá er sem fyrr bakhjarl Slysavarnafélagsins Landsbjargar, endurnýjaði samstarfssamning við Ólympíufjölskylduna til næstu fjögurra ára og studdi Kvannahlaup ÍSÍ, sem fór fram í 25. sinn, en félagið hefur verið aðalstuðningsaðili hlaupsins frá upphafi.

Með stuðningi við forvarnar- og velferðarmál stuðlar félagið að öruggara samfélagi og auknum lífsgæðum. Markmiðið er að vera fyrsti kostur viðskiptavina við val á tryggingafélagi, eftirsóknarverður vinnustaður og álitlegur fjárfestingarkostur.

## UMHVERFISVÍSAR 2010–2014

Hér er tekin saman þróun nokkurra stærða er snúa að umhverfisvísium og samfélagsábyrgð yfir nokkurra ára skeið. Verið er að kortleggja helstu stærðir í því augnamiði að auka

meðvitund um þær stærðir sem þyngst vega, setja niður markmið um að draga úr neikvæðum áhrifum af rekstrinum og ýta undir ábyrga nýtingu verðmæta.

	2014	2013	2012	2011	2010
Hlutfall raftækja og tjónahluta sem skilað er til endurvinnslu	100%	100%	100%	100%	100%
Hlutfall endurnýtttra varahluta í tjónavidgerðum	5,31%	6,62%	5,70%	7,36%	1,92%
Hlutfall framrúða sem gert er við í stað þess að skipta út	8,21%	7,75%	9,14%	8,43%	4,33%
Losun CO <sub>2</sub> í tonnum					
Vegna eigin aksturs	88,6	87,8	98,3	85,4	83,1
Vegna innanlandsflugs	5,0	5,1	6,4	6,5	7,4
Vegna millilandaflugs	32,3	21,4	28,9	15,0	17,7
CO <sub>2</sub> losun alls	125,9	114,3	133,6	106,9	108,2
Eigin prentun í höfuðstöðvum og útibúum – fjöldi bladsíðna	507.000	508.000	1129.000	1.300.000	
Hlutfall flokkaðs sorps af heild í höfuðstöðvum	61%	39%	33%	38%	0%
Hlutfall sorps til endurvinnslu í höfuðstöðvum	18%	27%	33%	38%	0%
Hlutfall lífræns sorps til moltugerðar	43%	12%	0%	0%	0%

# STÓRBRUNI Í SKEIFUNNI

Þann 6. júlí 2014 kom upp eldur í Þvottahúsinu Fönn í Skeifunni 11 í Reykjavík. Eldurinn breiddist mjög hratt út og varð mikið og alvarlegt brunatjón þrátt fyrir að yfir 120 slökkviliðsmenn hafi barist við eldinn í nærri heilan sólarhring.

Bruninn varð í fjórum sambyggðum einnar hæðar skemmum auk tveggja áfastra þriggja hæða skrifstofuhúsa. Heildarflatarmál húseigna var 8.800 fermetrar. Þegar slökkvistarfi var lokið kom í ljós að þrjár af fjórum skemmum voru ónýtbar með öllu. Enn fremur varð töluvert tjón á annarri þriggja hæða skrifstofubyggingunni, sem og reyk- og sótskemmdir á hinni.

Tjónaskoðunarmenn Sjóvár fóru strax á vettvang, aðstoðuðu eigendur fyrirtækja í viðskiptum við Sjóvá og voru slökkviliði og lögreglu til ráðgjafar og samráðs á staðnum frá fyrstu stundu. Þegar vettvangsrannsókn var lokið var afráðið í samráði við eigendur húseignanna og rekstraraðila að fjarlægja með öllu brunaleifar húseigna og lausafjár í skemmum þremur, sem og innbú og lausafé af jarðhæð beggja skrifstofuhúsanna. Vegna bættra brunavarna og frágangs í leigurymi Víðis, matvöruverslunar, og fyrstu aðgerða tjónaskoðunarmanna Sjóvár varð þar nánast ekkert eignatjón né röskun á rekstri verslunarinnar.

Sjóvá váttrygð 15 fyrirtæki og einstaklinga í Skeifunni 11. Heildarupphæð váttrygginga Sjóvár á þessum stað var samtals um 1.400 m.kr. Heildartjónsupphæð vegna brunans í Skeifunni er um 1.800 m.kr hjá öllum tryggingafélögum.

Samkvæmt fréttum eru hugmyndir um að byggja nærri 1.700 íbúðir á Skeifusvæðinu á næstu 15 árum. Skipulagsyfirlögd í Reykjavík hafa fengið arkitekta til að vinna hugmyndir að nýju deiliskipulagi með þróun í átt að þéttari og blandaðri byggð að markmiði. Endanlegar ákvarðanir um þetta efni liggja ekki fyrir á þessari stundu.







## STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING 2014 SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF.

### INNGANGUR

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010. Í samræmi við lög um endurskoðendur nr. 79/2008 eru váttryggingafélög skilgreind sem einingar tengdar almannahagsmunum og er sérstaklega kveðið á um hlutverk endurskoðunarnefnda í slíkum einingum í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um hlutafélög og lögum um váttryggingastarfsemi. Stjórn félagsins endurnýjaði starfsreglur sínar þann 27. febrúar 2014 og eru þær aðgengilegar á sjova.is. Stuðst er við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins, útgefnu í mars 2012 við ritun stjórnarháttafirlýsingar þessarar.

### FRÁVIK FRÁ LEIÐBEININGUM UM STJÓRNARHÆTTI

Sjóvá starfar eins og að framan greinir eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti og uppfyllir ákvæði þeirra, en á því er eftirfarandi undantekning sem hér er tilgreind.

Í grein 5.2, C.1 segir meðal annars: „Stjórn félagsins getur ákveðið að skipuð verði sérstök tilnefningarnefnd til að auka skilvirkni og gagnsæi í málefnum er varða tilnefningu stjórnarmanna.“ Stjórn Sjóvá hefur ekki talið þörf á að skipa sérstaka tilnefningarnefnd í ljósi þess m.a. að stjórnarmenn verða að standa sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

### INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Haldið er utan um stjórnkerfi og skipulag félagsins í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og innri úttektir framkvæmdar reglulega. Gæðastjóri kynnir niðurstöður innri úttekta og stöðu úrbótaverkefna í kjölfar innri endurskoðunar fyrir framkvæmdastjórn mánaðarlega.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu, skýrslur um áhættustýringu gerðar tvisvar á ári, árlegt eigið

áhættu- og gjaldþolsmat og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfsemi og auðvelda félaginu að uppgötva og leiðrétta hugsanlegar skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfsemi og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til.

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins í samræmi við leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2014 um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum. Félagið hefur sett sér áhættustefnu sem tryggir heildarsýn yfir áhættur félagsins og samhæfða stýringu þar á. Áhættustýring félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega váttryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins eru metnar með reglulegum hætti og þess gætt að þær séu í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Unnið er að innleiðingu á Solvency II tilskipuninni. Félagið hlaut í júní 2014 vottun á stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 27001 staðlinum.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum Deloitte ehf. Innri endurskoðun er í höndum KPMG ehf.

## HLUTVERK, FRAMTÍÐARSÝN OG VEGVÍSAR

Á árinu 2014 var áfram unnið samkvæmt stefnu félagsins sem mörkuð var árið áður og byggir hún á skilgreindu hlutverki, framtíðarsýn og vegvísam Sjóvár sem starfsfólk hefur að leiðarljósi í starfi sínu. Hlutverk Sjóvár er „Við tryggjum verðmætin í þínu lífi“. Framtíðarsýnin er „Sjóvá er tryggingafélag sem þér líður vel hjá“. Vegvísarnir eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Verum á undan – þannig sýnum við frumkvæði
- Höfum það einfalt – þannig gerum við okkur skiljanleg
- Segjum það eins og það er – þannig sýnum við heiðarleika
- Verum vingjarnleg – þannig verður allt fyrirtækið eftirsóknarvert

## REGLUR, STEFNA OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Stjórnin samþykkti endurskoðaðar starfsreglur sínar 27. febrúar 2014. Reglunar kveða meðal annars á um hæfi, verkaskiptingu og skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verksvið stjórnar og forstjóra, fyrirvar stjórnar félagsins, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda stjórnar, s.s. endurskoðunarnefndar og starfskjaranefndar. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum og hafa eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið félagsins náist.

Ný áhættustefna var samþykkt fyrir félagið 29. janúar 2015 og byggir hún á nýjum leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins. Stjórn Sjóvár hefur samþykkt síðareglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrir félagið. Stjórn hélt sameiginlega fundi með innri og ytri endurskoðendum og endurskoðunarnefnd um innra eftirlit og áhættustýringu, með og án viðveru starfsfólks félagsins. Mat stjórnar á eigin störfum fer fram í febrúar 2015 og verður framvegis á dagskrá á síðasta fundi stjórnar fyrir aðalfund.

Samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar Sjóvár, starfsreglur endurskoðunarnefndar, stefna um samfélagslega ábyrgð og síðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.





## STJÓRN

Stjórn Sjóvár er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Aðalmenn eru Erna Gísladóttir, stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, varaformaður, Heimir V. Haraldsson, Hjördís E. Harðardóttir og Ingi Jóhann Guðmundsson. Varamenn í stjórn eru Anna Guðmundsdóttir, Erna Hlíf Jónsdóttir, Garðar Gíslason, Jón Diðrik Jónsson og Leifur A. Haraldsson. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

Stjórn Sjóvár telur að ákvæðum leiðbeininga um stjórnarhætti er varðar óhæði stjórnarmanna sé fullnægt. Enginn stjórnarmaður er háður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Þau Heimir og Hjördís eru óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Erna, Tómas og Ingi Jóhann eru öll stjórnarmenn í félögum sem eiga beina og óbeina eignarhluti í Sjóvá.

**Erna Gísladóttir**, stjórnarformaður, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 20. júní 2009. Hún tók við formennsku stjórnar í júlí 2011. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003–2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Auk framangreinds situr hún í

stjórnnum BLIH hf., Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Hregg ehf., SF1 slhf. og SF1 GP ehf. Erna er einn eigandi og stjórnarmaður í Egg ehf. Egg ehf. á 2,5425% eignarhlut í Sjóvá.

**Tómas Kristjánsson**, varaformaður, fæddur 15. nóvember 1965, til heimilis í Reykjavík. Tómas hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Tómas er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1989 og með MBA-gráðu frá háskólanum í Edinborg 1997. Hann hefur frá júní 2007 starfað sem annar eigenda og í stjórn hjá fjárfestingafélaginu Siglu ehf. og fasteignafélaginu Klasa ehf. Tómas var framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjárstýringar, fjármögnunar og reikningshalds Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. (síðar Íslandsbanka hf. og Glitnis banka hf.) og sat í framkvæmdastjórn bankans frá 1998 til maí 2007. Hann starfaði sem yfirmaður lánaeftirlits lðnlánasjóðs 1990–1998. Tómas situr auk þess sem að framan er talið í stjórnnum Draupnis-Siglu ehf., Gana ehf., Elliðavogs ehf., Heljarkambes ehf., Klasa fjárfestingar hf., Nesvalla ehf., NV lóða ehf., NVL ehf., SF 1 slhf., SF1 GP ehf., Senu ehf., Grunns I slhf., og Regins hf.

Tómas er einn eigenda og stjórnarmaður í Siglu ehf. Sigla ehf. á 66,7% hlut í Draupni-Siglu ehf. sem á 2,4977% eignarhlut í Sjóvá.

**Heimir V. Haraldsson**, fæddur 22. apríl 1955, til heimilis í Reykjavík. Heimir hefur setið í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009. Heimir er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1979, og fékk löggildingu sem endurskoðandi 1982. Heimir hefur rekið eigin fjárfestingar- og ráðgjafarfyrtækni og sinnt ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum frá árinu 2002. Heimir var framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagins Gildingar hf. 2000–2002. Hann starfaði 1976–2000 hjá Endurskoðun hf., síðar KPMG Endurskoðun hf. í Reykjavík. Hann var meðeigandi og síðar framkvæmdastjóri félagsins í tíu ár, samhliða störfum við endurskoðun og ráðgjöf. Heimir sat í skilanevnd Glitnis banka hf. frá árinu 2008 til ársloka 2011. Heimir situr í stjórnnum Lyfju hf., Nafns hf., Fjármagns ehf., Safns ehf., Safns-Ráðgjafar ehf., Forða ehf. og Holtasunds ehf. Heimir er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Hjördís E. Harðardóttir**, fædd 18. apríl 1964, til heimilis í Reykjavík. Hjördís lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1989 og LL.M. í alþjóðlegum viðskiptarétti frá London School of Economics 1992. Hjördís starfar sem hæstaréttarlögmaður á Megin lögmansstofu. Hún var framkvæmdastjóri á upplýsinga- og stjórnunarsviði VÍS 1995–2001 og áður deildarstjóri í atvinnutryggingum hjá sama félagi frá 1995. Hún var formaður skilanevndar Sparisjóðabanka Íslands 2009–2012 og sat í stjórn Okkar líffrygginga 2009–2011 og í stjórn Höfðatorgs ehf. frá 2012–2014. Hjördís er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Ingi Jóhann Guðmundsson**, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Gardabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. Hann var framleiðslustjóri Íslenskra sjávarafurða frá 1995–2000. Hann situr í stjórnnum Síldarvinnslunnar hf., SVN eignafélags ehf., Gullbergs ehf., Iceland Seafood International ehf., SF 1 slhf. og SF1 GP ehf. Ingi Jóhann er stjórnarmaður í SVN eignafélagi ehf. SVN eignafélag ehf. á 11,6822% hlut í í Sjóvá.

## VARAMENN Í STJÓRN

**Anna Guðmundsdóttir**, fædd 13. mars 1967, til heimilis í Reykjavík. Anna hefur setið í endurskoðunarnefnd Sjóvár frá 20. ágúst 2013. Hún var fyrst kjörin varamaður í stjórn

29. apríl 2014. Anna er Cand.Oecon. frá Háskóla Íslands 1990. Hún hefur verið fjármálastjóri Gjögurs frá 2008.

Anna var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts hf. 1998–2007, og starfaði hjá Gjögri hf. og Pósti og síma frá 1990 til ársloka 1997. Anna situr í stjórnnum Gjögurs hf., Síldarvinnslunnar hf., Gullbergs ehf. og Þingstaða ehf. Gjögur hf. á eignarhlut í SVN hf. sem á í SVN eignafélagi ehf. sem á 11,6822% eignarhlut í Sjóvá.

**Erna Hlíf Jónsdóttir**, fædd 15. október 1980, til heimilis í Kópavogi. Hún var fyrst kjörin varamaður í stjórn Sjóvár 21. ágúst 2012. Erna Hlíf er með meistaraþráðu í fjárfestingastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík 2009, próf í verðbréfamiðlun 2007, og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2006. Hún starfaði sem lánastjóri í sérlánateymi Glitnis banka hf. 2010–2014, sérfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka 2009–2010 og sérfræðingur í eignastýringu Glitnis banka hf. 2006–2009. Hún situr í stjórn Lyfju hf. SAT eignarhaldsfélag er í eigu Glitnis banka hf. sem á 13,6674% eignarhlut í Sjóvá.

**Gardar G. Gíslason**, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Gardabæ. Hann var fyrst kjörinn varamaður í stjórn Sjóvár 30. september 2011. Gardar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður á Lex lögmansstofu frá 2005. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattranssóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattranssóknarstjóra 1997–2005. Gardar situr í stjórn eftirfarandi félaga: SFI GP ehf. (varamaður), Bótaréttur ehf., Salvus ehf. (varamaður), Íslandsorka ehf., L1066 ehf., L1073 ehf., SF 1 slhf. (varamaður), LEX ehf., Hvatning hf., LBF I GP ehf., Kólfur ehf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), PB 1 ehf. og SF VI GP ehf. Gardar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

**Jón Diðrik Jónsson**, fæddur 11. apríl 1963, til heimilis í Gardabæ. Hann var fyrst kjörinn varamaður í stjórn Sjóvár 28. júlí 2011. Jón Diðrik er OPM frá Harvard Business School Executive Education 2013, MBA frá Thunderbird School of Global Management 1990 og með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Florida Institute of Technology 1988. Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri Draupnis fjárfestingafélags ehf. frá 2004. Hann var framkvæmdastjóri fyrirtækja- og fjárfestingabankasviðs Glitnis og síðar forstjóri Glitnis banka á Íslandi 2005–2007, forstjóri

Ölgerðarinnar 2001–2004, og á árunum 1992–2001 sinnti hann ýmsum stjórnunarstörfum hjá Coca-Cola samsteypunni í Evrópu og Asíu. Jón Diðrik situr í stjórnnum Senu ehf., Bíómynda ehf., Skeljungu hf., fjárfestingarráðum SÍA I og SÍA II sem eru framkvæmdasjóðir í vörslu Stefnis, SF 1 slhf. (varamaður), og SF1 GP ehf. (varamaður) og í fulltrúaráði Verzlunarskóla Íslands.

Jón Diðrik er einn eigenda og í stjórn Draupnis–Siglu sem á 2,4977% eignarhlut í Sjóvá.

**Leifur A. Haraldsson**, fæddur 14. júní 1977, til heimilis í Hafnarfirði. Hann var fyrst kjörinn varamaður í stjórn 29. apríl 2014. Leifur nam viðskiptafræði við Háskóla Íslands og Anglo-American University í Prag. Leifur er með BS-gráðu í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík ásamt því að nema við Tækniháskólann í Vínarborg. Hann starfar sem forstjóri DCG ehf., en DCG ehf. starfar við fjárfestingar og þróun á rekstri sem nýtir netið til viðskipta. Leifur hefur 17 ára reynslu af fjárfestingum og rekstri félaga á Íslandi og í Tékklandi. Hann situr í dag í stjórnnum DCG ehf., Inkasso ehf., Hópkaupa ehf., Spoton ehf., Faktoríu ehf., Leit.is ehf., DCG Iceland ehf. og Slevin.cz s.r.o. Leifur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Stjórn Sjóváar fundaði 16 sinnum á árinu 2014. Mætingu stjórnarmanna var þannig háttað að tveir stjórnarmenn forfölluðust einu sinni á árinu og var kallaður til varamaður annars þeirra. Fimm stjórnarmenn sátu alla fundina að fyrrgreindum fundi frátöldum þar sem stjórnarmenn voru þrír og einn varamaður.

## STJÓRN SJÓVÁ-ALMENNRA LÍFTRYGGINGA HF.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóváar, skipa Hermann Björnsson, stjórnarformaður, Hafdís Böðvardsdóttir, löggiltur endurskoðandi og Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður.

Varamenn í stjórn eru Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri, Grétar Dór Sigurdsson, lögmaður á Lögfræðistofu Reykjavíkur og Valdemar Johnsen fv. framkvæmdastjóri váttryggingasviðs.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. fundaði sjö sinnum á árinu.

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Í 108. gr. kveður á um skyldu eininga tengdum almannahagsmunum að starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd Sjóváar er skipuð þremur aðilum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu og virkni innra eftirlits. Hún skal tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd Sjóváar skipa Guðný Benediktsdóttir, formaður, Anna Guðmundsdóttir og Finnur Sveinbjörnsson.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftast ef þurfa þykir. Nefndin átti 7 fundi árið 2014 og voru allir fundir fullskipaðir nefndarmönnum að einum frátöldum þar sem einn nefndarmaður boðaði forföll. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð árshlutauppgjöra og ársreiknings, umfjöllun um áhættu-stýringu og rýni áhættustefnu, rýni ORSA-ferlis, yfirferð skýrslu ytri og innri endurskoðenda og eftirlit með viðbrögðum stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd endurskoðaði á árinu starfsreglur sínar, kynnti sér tilhögun regluvörslu og lagði mat á eigin störf. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var skoðun á ferlum í söluferli nýsölu, gerð fjárhagsskýrsla, framkvæmd lausafjárstýringar og áætlanagerðar hjá fjármálasviði. Einnig voru gæðamál, stjórnendaeftirlit og eftirlitsumhverfi félagsins skoðuð.

Endurskoðunarnefnd Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. er skipuð sömu aðilum og endurskoðunarnefnd Sjóváar. Endurskoðunarnefnd átti sjö fundi á árinu 2014.

## STARFSKJARANEFND

Stjórn ákvað á fundi sínum 14. janúar 2014 að skipa starfskjaranefnd. Hlutverk hennar er að móta starfskjarastefnu fyrir félagið sem lögð er fyrir aðalfund og hafa eftirlit með að henni sé framfylgt. Þá skal nefndin tryggja að laun og önnur starfskjör séu í samræmi við lög og reglur ásamt því að taka afstöðu til áhrifa launa á áhættutöku og -stýringu félagsins í samráði við endurskoðunarnefnd. Starfskjaranefnd skipa allir stjórnarmenn félagsins. Nefndin fundar að lágmarki einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir.



---

## FJÁRFESTINGARÁÐ

Í reglum stjórnar Sjóváar um fjárfestingarstarfsemi félagsins eru skýrðar heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrir fram ákveðins samþykkis stjórnar félagsins. Samkvæmt reglunum fer fjárfestinganefnd, sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og forstöðumanni fjárfestinga, sameiginlega með fjárfestingarumboð forstjóra. Sé fjárfestingarákvörðun yfir heimildum forstjóra skal leggja hana fyrir fjárfestingaráð. Fjárfestingaráð er skipað þremur stjórnarmönnum félagsins. Í fjárfestingaráði sitja Erna Gísladóttir, Tómas Kristjánsson og Ingi Jóhann Guðmundsson. Fjárfestingaráð átti sjö fundi árið 2014.

---

## FORSTJÓRI

Forstjóri Sjóváar er Hermann Björnsson, fæddur 15. febrúar 1963, til heimilis í Reykjavík. Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrir-mælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga.

**Hermann Björnsson** lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka

hf., fyrst í lögfræðideild og síðar sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnnum Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. Hann situr í stjórnnum Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., Samtaka fjármálafyrirtækja og varastjórn Viðskiptaráðs Íslands. Hermann hefur verið forstjóri Sjóváar frá október 2011. Hermann á 0,0369% eignarhlut í félaginu en hann hefur ekki gert kaupréttarsamning við félagið.





## FRAMKVÆMDASTJÓRN

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð lykilstarfsmönnum þess og ber hver framkvæmdastjóri ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra. Til framkvæmdastjórnar heyra einnig forstöðumaður áhættustýringar og forstöðumaður fjárfestinga. Meðlimir framkvæmdastjórnar eiga hlutafé í félaginu eins og síðar greinir en engir kaupréttarsamningar hafa verið gerðir við stjórnendur félagsins.

**Ólafur Njáll Sigurðsson**, fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri fjármálasviðs og staðgengill forstjóra. Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu og kostnaðarbókhaldi, uppgjörum, áætlunum og endurtryggingum. Ólafur Njáll er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., Sjóvá Forvarnahússins ehf. og Keira 1 ehf. en engin dagleg starfsemi er í tveimur síðarnefndu félögum. Ólafur Njáll er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1984. Hann var fjármálastjóri hjá Latabæ ehf. 2004–2009 og forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins hf. 1990–2004. Hann starfaði sem fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins hf. 1987–1989 og sérfræðingur og aðalbókari hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1982–1987. Ólafur Njáll situr í stjórnnum Sigurðar Njálssonar ehf. og Ásgeirs Péturssonar ehf. Ólafur Njáll hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2009.

Félög í hans eigu og undir hans stjórn eiga 0,0540% eignarhlut í Sjóvá.

**Auður Daníelsdóttir**, fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri tjónasviðs. Sviðið sér um tjónaskráningu, uppgjör tjóna, bótaákvæðanir, tjónaskoðun og áætlun á tjónaskuld. Undir tjónasvið fellur einnig lögfræðipjónusta. Auður er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997 og lauk diplomnámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands 2002 og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona 2008. Hún hefur verið framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007 en var áður starfsmannastjóri félagsins frá 2002. Auður starfaði sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf. 1998–2002, sem fulltrúi í hagdeild Samskipa hf. 1997–1998 og flugfreyja hjá Flugleiðum hf. 1991–1997. Auður á 0,0528% eignarhlut í félaginu.

**Elín Þórunn Eiríksdóttir**, fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, tekur við sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar 30. janúar 2015 en hún var framkvæmdastjóri sölu og ráðgjafar frá 2012. Undir sviðið heyra endurnýjun, stofnstýring og vörubrún, markaðsmál og forvarnir. Elín er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993. Hún var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og forstöðumaður sölueininga Sírmans hf.

2006–2010. Hún starfaði hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands 1997–2005, lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Elín hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum og hefur setið í stjórnnum Valitors hf., Símans hf., Radiómiðunar ehf. og Staka Automation ehf. Elín hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2012. Elín á 0,0528% eignarhlut í félaginu.

**Ómar Svavarsson**, fæddur 29. janúar 1969, til heimilis í Hafnarfirði, tekur við stöðu framkvæmdastjóra sölu og ráðgjafar 30. janúar 2015. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umbodsnætt félagsins tilheyrir einnig sviðinu, sem og viðhald viðskiptavinastofns Sjóvá. Ómar er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1999. Hann var forstjóri Vodafone/Fjarskipta ehf. 2009–2014, en var framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs sama félags frá 2005. Ómar starfaði hjá Sjóvá frá 1995, síðast sem framkvæmdastjóri einstaklingssviðs 2002–2005.

**Sæmundur Sæmundsson**, fæddur 22. ágúst 1962, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri rekstrarsviðs. Sviðið ber ábyrgð á rekstri og innri þjónustu, s.s. mannaauðsmálum, gæða- og öryggismálum og upplýsingatækni. Sæmundur er B.Sc. í tölvunarfræði frá University of Texas 1992 og hefur auk þess aflað sér víðtækrar viðbótar-menntunar, m.a. á sviði stjórnunar, verkefnastjórnunar, hugbúnaðarþróunar og fundarstjórnar. Sæmundur var

forstjóri Teris 1998–2011, forstöðumaður hugbúnaðarþróunar Teris 1994–1998 og hugbúnaðarfræðingur hjá Hjarna hf. 1989–1991. Hann hefur setið í fjölmörgum sérfræðinefndum á vegum fjármálafyrirtækja og var meðal annars stjórnarformaður Audkennis ehf. Sæmundur er varamaður í stjórn Reiknistofu bankanna hf. Sæmundur hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2011 og hann á 0,0063% eignarhlut í félaginu.

**Valdemar Johnsen**, fæddur 5. desember 1968, til heimilis í Gardabæ, var framkvæmdastjóri váttryggingasviðs og aðallögfræðingur félagsins þar til í byrjun árs 2015. Á verksviði váttryggingasviðs voru endurtryggingar, endurnýjanir, stofnstýring, vöruþróun, viðskiptareglur og lögfræðiráðgjöf við önnur svið félagsins. Valdemar lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1999 og réttindum til málflyttings fyrir héraðsdómi (hdl.) árið 2000. Hann var framkvæmdastjóri váttryggingasviðs og viðskiptaþróunar hjá Íslandstryggingu hf., síðar Verði tryggingum hf. 2002–2011 og lögmaður hjá Lögmönnum Höfðabakka ehf. 1999–2002. Valdemar hafði starfað hjá Sjóvá frá árinu 2011, en hann lét af störfum hjá félaginu 13. janúar 2015.

**Steinnunn Guðjónsdóttir**, fædd 5. janúar 1963, til heimilis í Reykjavík, er forstöðumaður trygginga- og tölfraeðigreiningar. Á verksviði deildarinnar er öll tölfraeðivinnsla sem snýr að opinberum skýrsluskilum, gjaldskrá og



verðlagningu ásamt gerð viðskipta- og hagdeildargagna. Steinunn er M.Sc. í tryggingastærðfræði frá Háskólanum í Amsterdam 1999, með kennsluréttindi frá Háskóla Íslands 1991 og M.Sc. í stærðfræði frá Háskólanum í Groningen 1988. Steinunn hefur starfað hjá Sjóvá frá 1999 og var forstöðumaður áhættustýringar frá 2011–2015, en fyrir þann tíma var hún tryggingastærðfræðingur í hagdeild og tryggingastærðfræðingur Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Hún hefur jafnframt verið sjálfstætt starfandi tryggingastærðfræðingur, aðallega fyrir lífeyrissjóði, frá 1999. Steinunn kenndi stærðfræði við Menntaskólann við Sund 1988–1995. Steinunn á 0,0142% eignarhlut í félaginu.

**Pórdur Pálsson**, fæddur 8. janúar 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi, er forstöðumaður fjárfestinga. Á verksviði fjárfestinga eru fjárfestingarstarfsemi og fjárfestatengsl. Pórdur er með MBA frá University of Delaware 1995, B. Sc. í viðskiptafræði frá American Business School í Lyon 1994 og BA í heimspeki frá Háskóla Íslands 1992. Hann var forstöðumaður fyrirtækjarággjafar Tinda verðbréfa 2010–2012, forstöðumaður greiningardeildar, framkvæmdastjóri fyrirtækjaþjónustu í Danmörku, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra Arion banka hf. (áður Kaupþings hf.) 1999–2010, og fréttastjóri fjármála hjá Viðskipta-bladini 1998–1999. Pórdur hefur starfað hjá Sjóvá frá árinu 2012

## FYRIRKOMULAG SAMSKIPTA HLUTHAFA OG STJÓRNAR

Hlutabréf í Sjóvá voru tekin til viðskipta á Adalmarkaði Nasdaq Iceland 11. apríl 2014 að undangengnu almennu hlutafjárútbóði á 23% hlutafjár í félaginu. Hluthafar í Sjóvá voru 3.011 talsins í lok árs 2014. Allir hluthafar eru hvattir til að mæta á aðalfund þar sem gefnar eru ítarlegar upplýsingar um starfsemi félagsins.

## UPPLÝSINGAR UM BROT Á LÖGUM OG REGLUM SEM VIÐEIGANDI EFTIRLITS- EÐA ÚRSKURÐARAÐILI HEFUR ÁKVARÐAÐ

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknad skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um váttryggingafélög eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með váttryggingastarfsemi.

## NIÐURLAG


Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf.  
29. janúar 2015

## SKIPURIT SJÓVÁR

Tók gildi 30. janúar 2015

Dótturfélag










## BESTI BÁSINN

Sjóvá tók þátt í íslensku Sjávarútvegssýningunni, sem haldin var í Fífunni í Kópavogi í september. Fjöldi viðskiptavina og annarra góðra gesta heimsótti Sjóvárbásinn til að ræða viðskipti, kynna okkur betur og þiggja góðar veitingar. Sjávarútvegssýningin er mikilvægur og skemmtilegur vettvangur til að hitta núverandi viðskiptavini og kynna þjónustu Sjóvár fyrir öðrum.

Básinn vakti mikla athygli fyrir frumlega og skemmtilega hugmynd en þar var sviðsett óhapp þar sem bíll virtist hafa stungist niður úr bryggjugólfi. Færri vita að sviðsetningin á sér nokkra stoð í raunveruleikanum.

Básinn hlaut fyrstu verðlaun í flokki minni bása á sýningunni. Þetta er í annað skiptið sem bás Sjóvár hlýtur þessi verðlaun en félagið hlaut þau einnig á árið 2011.



## LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

í millj. kr.	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Bókfærð iðgjöld	14.279	13.706	13.313	12.549	12.495
Iðgjöld ársins	13.605	13.017	12.734	12.100	12.049
Tjón ársins	(9.384)	(8.471)	(8.179)	(8.163)	(8.578)
Rekstrarkostnaður	(3.485)	(3.534)	(3.354)	(3.123)	(3.000)
Til endurtryggjenda	(333)	(599)	(772)	(804)	(298)
Fjárfestingatekjur	1.297	2.191	2.530	2.909	1.265
Aðrar tekjur	-	13	48	44	10
Skattar	(197)	(357)	(495)	(242)	(196)
<b>Hagnaður ársins eftir skatta</b>	<b>1.029</b>	<b>1.790</b>	<b>2.057</b>	<b>642</b>	<b>811</b>
Eigið fé	17.810	16.781	14.991	12.934	12.292
Vátryggingaskuld	21.671	21.468	21.599	21.378	20.559
Tjónaskuld	16.265	16.255	16.622	16.575	15.808
Iðgjaldaskuld	4.897	4.736	4.565	4.396	4.343
Ágóðahlutdeild	509	476	412	407	407
Aðrar skuldir	4.770	4.456	3.695	3.301	3.701
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>44.251</b>	<b>42.705</b>	<b>40.285</b>	<b>37.613</b>	<b>36.552</b>
	<b>2014</b>	<b>2013</b>	<b>2012</b>	<b>2011</b>	<b>2010</b>
Tjónahlutfall	69,0%	65,1%	64,2%	67,5%	71,2%
Kostnaðarhlutfall	23,6%	25,0%	24,2%	22,5%	21,9%
Endurtryggingahlutfall	2,5%	4,6%	6,0%	6,6%	2,5%
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>95,1%</b>	<b>94,7%</b>	<b>94,4%</b>	<b>96,6%</b>	<b>95,6%</b>
Eigin vátryggingaskuld/Eigin iðgjöld	163,1%	172,8%	179,1%	183,1%	177,9%
Eignfjárlutfall	40,2%	39,3%	37,2%	34,4%	33,6%
Ávöxtun eigin fjár	5,9%	11,9%	15,9%	5,2%	8,2%
Eigið fé	17.810	16.781	14.991	12.934	12.292
Gjaldþol	9.658	12.180	10.048	7.540	4.900
Lágmarksgjaldþol	2.266	2.201	2.102	2.114	2.114
Gjaldþolshlutfall	4,27	5,53	4,78	3,57	2,32
Aðlagað gjaldþol	3,01	3,96	3,62	2,73	1,83



# SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF. ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR ÁRIÐ 2014

## EFNISYFIRLIT REIKNINGS

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra . . . . .	50
Áritun óháðra endurskoðenda . . . . .	51
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2014 . . . . .	52
Efnahagsreikningur 31. desember 2014 . . . . .	53
Eiginfjáryfirlit árið 2014 . . . . .	54
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2014 . . . . .	55
Skýringar . . . . .	56
Consolidated Statement of Comprehensive Income . . . . .	86
Consolidated Statement of Financial Position. . . . .	87
Segment Reporting . . . . .	88



Samstæðureikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. („félagið“ eða „Sjóvá“) fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í váttryggingarekstri og fjárfestingum. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, Sjóvá-Almennar líftryggingar hf., Keira 1 ehf. og Sjóvá Forvarnahúsið ehf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

## REKSTUR OG FJÁRHAGLEG STAÐA 2014

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 1.029 millj. kr. (2013: 1.790 millj.kr.). Í árslok námu heildareignir samstæðunnar 44.251 millj. kr. (2013: 42.705 millj.kr.), skuldir samstæðunnar 26.441 millj. kr. (2013: 25.924 millj.kr.) og eigið fé samstæðunnar nam 17.810 millj. kr. (2013: 16.781 millj.kr.) Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 40,2% í árslok (2013: 39,3%), gjaldþolshlutfall móðurfélagsins var 4,27 (2013: 5,53) og aðlagð gjaldþolshlutfall samstæðunnar 3,01 (2013: 3,96) eftir arðgreiðslu. Fjöldi ársverka árið 2014 var 183 (2013: 189). Félagið uppfyllir kröfur um kynjahlutfall í stjórn en hana skipa 2 konur og 3 karlar.

Stjórn félagsins leggur til að á árinu 2015 verði arður að fjárhæð 4.000 millj. kr. greiddur til hluthafa. Að öðru leyti er vísað í eiginfjárfirlit ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar ársins.

## HLUTAFÉ

Í apríl 2014 var Sjóvá skráð í kauphöll. Hluthafar félagsins voru þrír í ársbyrjun. Í árslok 2014 voru hluthafar 3.011, tveir hluthafar áttu meira en 10% hlutafjár í árslok, SAT eignarhaldsfélag ehf. og SVN eignafélag ehf.

Stjórn:

## Tíu stærstu hluthafar í árslok

	Eignarhluti
SAT eignarhaldsfélag ehf	13,67%
SVN eignafélag ehf.	11,68%
Gildi- lífeyrissjóður	9,90%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7,14%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	5,26%
Stefnir – ÍS 15	4,35%
Arkur ehf.	4,00%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	3,27%
Íslandsbanki hf.	3,06%
Íslandssjóðir – IS Hlutabréfasjóður	2,80%

## STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn Sjóvár hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Félagið fylgir leiðbeiningum í meginatriðum en þó hefur stjórn ekki talið þörf á að skipa tilnefningarnefnd. Þá innifelur stjórnarháttaryfirlýsing félagsins hvorki greiningu á umhverfisþáttum eða félagslegum þáttum né upplýsingar um helstu þætti í árangursmati stjórnar. Í samræmi við ofangreindar leiðbeiningar um góða stjórnarhætti og lög um ársreikninga hefur stjórn félagsins útbúið stjórnarháttayfirlýsingu sem birt verður í ársskýrslu félagsins og á heimasíðu félagsins.

## YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2014, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2014. Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 25 - 32 í ársreikningnum.

Forstjóri:

Til stjórnar og hluthafa Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sjóvá-Almennra trygginga hf. fyrir árið 2014. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FORSTJÓRA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem

er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

## ÁLIT

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

## STAÐFESTING VEGNA SKÝRSLU STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Í samræmi við ákvæði 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga, staðfestum við að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra sem fylgir samstæðuársreikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogi, 26. febrúar 2015

Deloitte ehf.

	Skýr.	2014	2013
Iðgjöld ársins .....		13.604.818	13.017.284
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum ársins .....		( 779.280)	( 948.581)
<b>Eigin iðgjöld</b>	<b>6</b>	<u>12.825.538</u>	<u>12.068.703</u>
Fjármunatekjur .....		467.860	492.571
Gangvirðisbreytingar fjáreigna .....		829.323	1.698.090
<b>Fjárfestingatekjur</b>	<b>7</b>	<u>1.297.183</u>	<u>2.190.661</u>
Umboðslaun .....		25.589	108.078
Aðrar tekjur .....		0	13.276
<b>Aðrar tekjur</b>		<u>25.589</u>	<u>121.354</u>
<b>Heildartekjur</b> .....		<u>14.148.310</u>	<u>14.380.718</u>
Tjón ársins .....		( 9.384.393)	( 8.470.599)
Hluti endurtryggjenda í tjónum ársins .....		419.580	242.131
<b>Eigin tjón</b>	<b>8</b>	<u>( 8.964.813)</u>	<u>( 8.228.468)</u>
Rekstrarkostnaður .....	9	( 3.485.140)	( 3.534.517)
Vaxtagjöld .....		( 229)	( 7.487)
Afskriftir óefnislegra eigna .....	13,14	( 471.894)	( 463.773)
<b>Heildargjöld</b> .....		<u>( 12.922.076)</u>	<u>( 12.234.245)</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		1.226.234	2.146.473
Tekjuskattur .....	11	( 197.335)	( 356.554)
<b>Hagnaður og heildarhagnaður ársins</b> .....		<u>1.028.899</u>	<u>1.789.919</u>
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut .....	20	<u>0,65</u>	<u>1,12</u>

Skýringar á blaðsíðum 56 til 83 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

	Skýr.	2014	2013
<b>Eignir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	12	637.231	694.995
Viðskiptavild .....	13	243.578	243.578
Óefnislegar eignir .....	14	3.908.188	4.368.773
Verðbréf .....	15-16	33.946.304	30.010.218
Endurtryggingaeignir .....	17	852.653	925.417
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	18	3.677.047	3.374.888
Handbært fé .....		985.839	3.087.428
	<b>Eignir samtals</b>	<b>44.250.840</b>	<b>42.705.297</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	19	1.592.521	1.592.521
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....	19	9.888.571	9.888.571
Óráðstafað eigið fé .....		6.329.056	5.300.157
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>17.810.148</b>	<b>16.781.249</b>
<b>Skuldir</b>			
Vátryggingaskuld .....	22	21.671.291	21.467.912
Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka .....		3.119.586	3.025.886
Tekjuskattsskuldbinding .....	23	335.624	139.439
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	24	1.314.191	1.290.811
	<b>Skuldir samtals</b>	<b>26.440.692</b>	<b>25.924.048</b>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>44.250.840</b>	<b>42.705.297</b>

Skýringar á blaðsíðum 56 til 83 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

		Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtsals
Eigið fé 1.1.2013 .....	19	1.592.521	9.888.571	3.510.238	14.991.330
Hagnaður- og heildarhagnaður ársins .....				1.789.919	1.789.919
Eigið fé 31.12.2013 .....		<u>1.592.521</u>	<u>9.888.571</u>	<u>5.300.157</u>	<u>16.781.249</u>
Eigið fé 1.1.2014 .....	19	1.592.521	9.888.571	5.300.157	16.781.249
Hagnaður- og heildarhagnaður ársins .....				1.028.899	1.028.899
Eigið fé 31.12.2014 .....		<u>1.592.521</u>	<u>9.888.571</u>	<u>6.329.056</u>	<u>17.810.148</u>

Skýringar á blaðsíðum 56 til 83 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

	Skýr.	2014	2103
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður- og heildarhagnaður ársins .....		1.028.899	1.789.919
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Fjármunatekjur í rekstri .....	(	467.860)	( 475.236)
Fjármagnsgjöld í rekstri .....		229	7.487
Gangvirðisbreyting fjáreigna .....	(	829.323)	( 1.691.949)
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	12	86.782	83.170
Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna .....	13	471.894	463.773
Söluhagnaður rekstrarfjármuna .....	12	( 2.604)	( 3.972)
		<u>288.017</u>	<u>173.192</u>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>			
Verðbréf, breyting .....	(	3.345.771)	( 1.783.939)
Skattskuldbinding, breyting .....		196.185	359.867
Endurtryggingaeignir, breyting .....		72.764	5.376
Viðskiptakröfur, breyting .....	(	302.159)	( 226.234)
Vátryggingaskuld, breyting .....		203.379	( 130.833)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting .....		23.380	( 7.555)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(	3.152.222)	( 1.783.318)
Innborgaðar fjármunatekjur .....		797.793	1.147.843
Greidd fjármagnsgjöld .....	(	212)	( 7.861)
Handbært fé til rekstrar	(	<u>2.066.624</u> )	( 470.144)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í óefnislegum eignum og rekstrarfjármunum .....	12-14	( 45.323)	( 247.142)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	12	10.358	24.436
Fjárfestingarhreyfingar	(	<u>34.965</u> )	( 222.706)
<b>Lækkun á handbæru fé</b> .....	(	2.101.589)	( 692.850)
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>3.087.428</u>	<u>3.780.278</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u>985.839</u>	<u>3.087.428</u>

Skýringar á blaðsíðum 56 til 83 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

### 1. Félagið

